

Powershot S30 stærstærkt myndavél



Bókhladan

Canon

Canon

Verð kr. 88.800 m.vsk

- Ljósgeisli 3,2 millímetri á milli • 1,8 sekúnda tölur á milli
- 3 myndir á milli • 1/1000 sekúnda • 1/1000 sekúnda • 1/1000 sekúnda
- Ljósgeisli 3,2 millímetri á milli • 1,8 sekúnda tölur á milli
- 3 myndir á milli • 1/1000 sekúnda • 1/1000 sekúnda
- Ljósgeisli 3,2 millímetri á milli • 1,8 sekúnda tölur á milli
- 3 myndir á milli • 1/1000 sekúnda • 1/1000 sekúnda



Bæjarins besta

Miðvikudagur 9. apríl 2003 • 14. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar bókar vegna Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

Óviðunandi að fjárhagsáætl- anir eftirlitsins standist ekki

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar telur „óviðunandi að það sé árlegur viðburður“ að sveitarfélög þurfi að hækka framlag sitt til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða frá samþykkttri fjárhagsáætlun. Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var lögð

fram umsögn Þóris Sveinsonar, fjármálastjóra Ísafjarðarbæjar, um ársreikning Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða fyrir árið 2002.

Reikningurinn var lagður fram á fundi bæjarráðs viku áður og var þá ákveðið að

óska eftir greinargerð frá fjármálastjóra bæjarins. Í greinargerðinni segir meðal annars: „Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2002 var gert ráð fyrir 6.000 þús. kr. sem framlag til Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

en verður 6.978 þús. kr. sam-

kvæmt ársreikningi eftirlitsins eða 978 þús. kr. yfir áætlun. Framlag Ísafjarðarbæjar þarf því að hækka um sömu upphæð. Nauðsynlegt er að gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins fylgi hækkun verðlags hverju sinni þannig að sveitarfélögin

þurfi ekki að taka á sig viðbótarkostnað vegna reksturs embættis heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða.“

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar gerði síðan bókun um þetta mál eins og að ofan greinir.

Hörður Guðmundsson flugstjóri og Flugfélagið Ernir

Sækir um flugrekstrarleyfi á ný

Flugfélagið Ernir, sem lengstum starfaði á Ísafirði, hefur sótt um flugrekstrarleyfi á nýjan leik. Hörður Guðmundsson, flugmaður og framkvæmdastjóri Ernir, segir að í umsókninni sé sótt um leyfi fyrir flugvél sem miðast við þyngd 19 manna vélar. Hann segist hafa augastað á 11 manna vél af gerðinni Cessna Conquest, sem er með jafnþrýstibúnaði og hverfihreyflum. Slík vél kostar um 100 milljónir króna.

Tilgangurinn með kaupunum, ef af verður, er að stunda

leiguflug, sjúkraflug og flug með líffæri á milli landa. Vélin sem um ræðir hefur mikið flugþol, er hraðfleyg og getur flogið í 35.000 feta hæð. Hörður er reiðubúinn að stunda sjúkraflug sem fyrr en samningar um slíkt flug eru ekki lausir.

Um liðlega aldarfjórðungsbil eða frá 1969 til 1995 rak Hörður á Vestfjörðum sitt eigið flugfélag. Það er Flugfélagið Ernir, sem hlaut nafn fjallsins milli Skutulsfjarðar og Arnardals, þar sem Hörður flugmaður á rætur sínar.



Hörður Guðmundsson, flugstjóri.

Ljósmynd: Golli.

Ríkisstjórnirnar fylgja stríðsherrunum en þjóðirnar ekki

– rætt við Herdísi Hübner, dóttur hermanna í seinni heimsstyrjöld, um stríðið í Írak og stöðu friðarhreyfinga. Sjá bls. 10



Próunin á sér ýmsar myndir

– heimsókn til séra Baldurs Vilhelmssonar, fyrrum prófasts, sem setið hefur Vatnsfjörð í hartnær hálfa öld. Sjá miðopnu



/SAMKAUP/
– aukaverðing

OPIÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!

/SAMKAUP/
– aukaverðing

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

Skip og bíll


Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP

Flytjandi

www.eimskip.is • Sími 456 5100

www.flytjandi.is • Sími 456 5100



Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Bláðamaður:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is

Ritstjórn netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson
Fréttavefur: www.bb.is

Önnur útgáfa:

Á ferð um Vestfirði

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**
Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flatøyri:** Gunnhildur
Brynjólfsdóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustaðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.
Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krílið,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskriftarverð
er kr. 215 eintakið. Veittur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

700 milljónir til stuðnings atvinnulífi á landsbyggðinni

Byggðastofnun hefur verið
falið að úthluta 500 milljónum
af þeim 700 milljónum króna
sem ríkisstjórnin ákvað fyrir
nokkru að veita til eflingar
atvinnulífs á landsbyggðinni
á næstu 18 mánuðum. Ný-
sköpunarsjóður mun deila út

þeim 200 milljónum sem eftir
verða. Aðalsteinn Þorsteinsson,
forstjóri Byggðastofnunar,
segir unnið að mótun reglna
um úthlutun fjáris til atvinnu-
lífsins. Gert er ráð fyrir að
fénu verði útteilt í formi

beinna styrkja, lánveitinga og
hlutafjárkaupa. Málið verður
tekið til umfjöllunar í stjórn
Byggðastofnunar um miðjan
apríl.

„Væntanlega verður í kjöl-
farið auglýst eftir verkefnum
til að styðja við bakið á. Mið-

að við samþykkt ríkisstjórnar-
innar er ætlunin að þessum
fjármunum verði miðlað út í
atvinnulífið á landsbyggðinni
á komandi átján mánuðum.
Væntanlega verður það
breytilegt eftir hverju og einu

verkefni hvernig greiðslum
verður háttað“, segir Aðal-
steinn. Samkvæmt þessu ættu
þeir sem hyggja á nýsköpun-
arverkefni að geta farið að
setja sig í startholurnar með
umsóknir um stuðning.

Vonir standa til að grálúðuveiðin fari að glæðast

Júlíus landaði 285 tonn- um af frystum afurðum

Júlíus Geirmundsson ÍS
270, frystitogari Hraðfrysti-
hússins Gunnvarar hf., kom
til hafnar á Ísafirði á sunnudag
með 285 tonn af grálúðuaf-
urðum eftir 28 daga veiðiferð.
Verðmæti aflans er 59 millj-
ónir en alls voru dregin úr sjó
320 tonn. Skipstjóri í túnum
var Gunnar Arnórsson. Skipið
er farið áleiðis á grálúðumiðin
á ný. Sverrir Pétursson, út-
gerðarstjóri hjá HG, segir grá-
lúðuveiðina hafi farið nokkuð
rólega af stað en menn vonist
til að hún fari að glæðast.

Ísfisktogarinn Páll Pálsson
landaði um 100 tonnum á Flat-
eyri á föstudag, mest steinbít
og ýsu. Var það önnur löndun
Páls í vikunni en á mánudag í
síðustu viku kom hann til
hafnar með um 83 tonn af
steinbít. Þannig landaði hann
alls liðlega 180 tonnum í lið-
inni viku.

Sverrir Pétursson segir afl-
ann fara að töluverðu leyti til
vinnslu hjá HG en einnig sé
hann unninn annars staðar.
„Steinbíturinn hefur verið
handflakaður bæði hjá Stáli
og hnífum og víðar þar sem



Landað úr Júlíusi Geirmundssyni ÍS 270.

við fáum menn til verksins“,
segir Sverrir.

Ágætur gangur var í rækju-
veiðinni hjá HG í liðinni viku
og kom Andey í land á föstu-

dag með 22 tonn. Á þriðjudag
landaði Stefnir 25 tonn í
Súðavík og Framnes kom með
37 tonn til hafnar á Ísafirði.



Nemendur á málmíðnaðarbraut MÍ reyna fyrir sér í eldsmíði.

Verknámsnemar í MÍ

Kynntust hefðbundnu handbragði í eldsmíði

Nemendur í málmíð-
greinum við Menntaskólann
á Ísafirði brugðu út af van-
anum í síðustu viku og
mættu til smíðakennslu í
eldsmíðju Byggðasafns
Vestfjarða í Neðstakaupstað
á Ísafirði. Tryggvi Sig-
tryggsson, kennari á málm-
íðnaðarbraut MÍ, segir að
verkefni nemendanna hafi
verið að smíða litla hnífa.
Hann segir að þeim hafi tek-
ist furðuvel að tileinka sér
handbrögðin á þessum dag-
parti.

„Tilgangurinn er kynna
aðeins fyrir þeim eldsmíði
og hvernig henni var háttað
fyrir á árum og öldum og
byggðasafnið er náttúrulega
upplagt til þess. Eins vildum
við sýna þá skemmtilegu
aðferð að smíða hluti í aflí“,
sagði Tryggvi.

Eitthvað eru aðstæðurnar
í eldsmíðjunni ólíkar því
sem nemendur eiga að venj-
ast í verknámshúsinu. Þeir
virtust samt kunna því vel
að vinna við opinn eld undir
glamri hamars og steðja.

Róið á heimamið

Þegar Íþróttasamband Íslands ákvað á sínum tíma að miðstöð sumaríþróttar
skyldi vera í höfuðstað landsins var það einhvern veginn talin sjálfsgöð ákvörðun.
Það verður hins vegar að segjast eins og er, að hrifningin var ekki eins almenn þegar
ÍSí ákvað, mörgum á óvart, að Vetraríþróttamiðstöð þess skyldi vera á Akureyri.

En nú hafa undur og stórmerki skeð. Ekki verður annað séð en að ríkisstjórn
Íslands, með akureyrskan menntamálaráðherrann í fararbroddi, hafi tekið
Vetraríþróttamiðstöð ÍSí að hálfu í föstur. Og ekki nóg með það, heldur hefur
nafninu verið breytt í „Vetraríþróttamiðstöð Íslands“, hvorki meira né minna!

Fróðlegt væri að vita um samþykkt ÍSí fyrir endurskráminni og samþykkt ríkis-
stjórnarinnar um að taka að sér rekstur og uppbyggingu á útivistarsvæðunum í
Hlíðarfjalli og Kjarnaskógi, svo fátt eitt sé nefnt. Um þetta segir í frétt Morgun-
blaðsins: „Samningur um rekstur og uppbyggingu Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands
á Akureyri var undirritaður í flugstöðinni í gærmorgun af þeim Tómasi Inga Olrík
menntamálaráðherra og Kristjáni Þór Júlíussyni bæjarstjóra. Samningurinn gildir
til ársins 2008.“ Mynd sem fréttinni fylgdi undirstrikaði gjörninginn: Hin nýja
„Íslandsmiðstöð“ hefur þegar eignast litskrúðugt og falllegt merki.

Af frétt Morgunblaðsins að dæma eru helstu rökin fyrir fjárframlagi ríkisins til
skíðasvæðanna á Akureyri þau, að þarna nýtist fjármunirnir í þágu allra skíðaunn-
enda, hvar sem þeir annars búa á landinu. Þarna sé verið að byggja upp „ferðamanna-
paradís“ sem þjóni „landinu öllu“.

Það fer ekki á milli mála að Alþingi hefur markað þá stefnu að efla beri þrjá
byggðakjarna utan Reykjavíkur, öðrum fremur. Ísafjörður er einn þeirra. Ísafjörður
hefur einna lengsta skíðasögu íslenskra byggðarlaga að baki. Smæðar sinnar
vegna hefur bæjarfélagið ekki haft bolmagn til þeirrar uppbyggingar, sem nauð-
synleg þykir nú á tímum. Við hljótum því að krefjast þess, að ríkisvaldið mismuni
ekki íbúum þeirra byggðakjarna, sem Alþingi hefur samþykkt að eflir skuli með
öllum tiltækum ráðum. Krafan er: Nýja skíðasvæðið okkar í Tungudal njóti álíka
stuðnings og Hlíðarfjall og Kjarnaskógur.

Ef samþykkt stjórnvalda og Alþingis um uppbyggingu hinna tilteknu byggða-
kjarna utan Reykjavíkur er eitthvað meira en orðin tóm, þá er fjarri öllu lagi að róið
sé einskípa á heimamið ráðherra.

s.h.

Mjög jákvæð útkoma á norðanverðum Vestfjörðum

Áfengisdrykkja og hass-notkun nemenda í 10. bekk í Ísafjarðarbæ, Súðavík og Bolungarvík voruð 2002 var langt undir landsmeðaltali. Hera Hallbera Björnsdóttir hjá Rannsóknunum og greiningu ehf. kynnti þessar niðurstöður á opnum fundi VáVest-hópsins á norðanverðum Vestfjörðum á Hótel Ísafirði.

Á öllu svæðinu hefur vímuefnaneysla unglinga í 10. bekk minnkað frá árinu 1997 þótt sveiflur séu á milli ára. Byggt er á árlegum könnunum sem gerðar eru meðal 10. bekkinga um land allt á vorin. Hlynur Snorrason hjá VáVest-hópnum segir niðurstöður könnunarinnar vera afar ánægjulegar. Þó hafi hann áhyggjur af því að við svo jákvæð tíðindi geti foreldrar farið að blunda á verðinum.

Hlynur segir mikilvægt að allir sem með einhverjum hætti koma að málefnum barna og unglinga á svæðinu haldi fyllstu árvekni. Fyrst og fremst hvíli ábyrgðin þó á herðum foreldranna.

Í könnun Rannsókna og greiningar var spurt hvort



Hera Hallbera Björnsdóttir og Hlynur Snorrason kynntu niðurstöðurnar.

nemandi hefði orðið ölvaður einu sinni eða oftar síðustu 30 daga. Árið 2002 svöruðu 8% nemenda í Ísafjarðarbæ og 16% nemenda í Bolungarvík og Súðavík spurningunni játandi. Á landsvísi svöruðu hins vegar 26% nemenda spurningunni játandi.

Árið 1997 svöruðu 40% nemenda í 10. bekk í Ísafjarð-

arbæ spurningunni játandi og 46% nemenda í Bolungarvík og Súðavík. Þá var landsmeðaltalið aftur á móti 37%.

Enginn nemandi í 10. bekk í Bolungarvík og Súðavík hafði notað hass vorið 2002. Í Ísafjarðarbæ höfðu 4% nemenda prófað hass en landsmeðaltal var 11%.

Daglegar tóbaksreykingar

stunda 10% nemenda í Ísafjarðarbæ en landsmeðaltal er 14%. Í Bolungarvík og Súðavík sögðust 20% svarenda reykja daglega árið 2002. Enginn reykti í 10. bekk í skólanum þar árið áður. Hera Hallbera benti á, að um fámenna árganga væri að ræða og því munaði mikið um hvern einstakling.

Ungri stúlku hent út úr bíl á ferð

Hótað vegna kæru fyrir líkamsárás

Nítján ára stúlka kom illa til reika til lögreglunnar á Ísafirði undir kvöld á föstudag og sagði sínar farir ekki sléttar. Hún kvaðst hafa verið dregin inn í gráan Audi-fólksbíl en í honum voru tveir ungir menn. Haft var í hótunum við stúlkuna og mun tilgangurinn hafa verið að fá hana til að draga til baka kæru vegna líkamsárásar, sem hún hafði lagt fram gegn unnustu annars manna í bílnum.

Eftir nokkurn akstur um bæinn var stúlkunni hent út úr bílnum við hringtorgið við Ísafjarðarkirkju án þess að ökumaður næmi staðar. Við læknisskoðun reyndist

stúlkun ekki hafa hlotið mjög alvarlega áverka. Hins vegar reyndist hún marinn auk þess sem hún kenndi til eymsla hér og þar um líkamann eftir fallið úr bifreiðinni.

Mál þetta er lítið mjög alvarlegum augum og er það í rannsókn hjá lögreglunni á Ísafirði. Lögreglunni er kunnugt um hverjir áttu þarna hlut að máli og óskar hún eftir að þeir vegfarendur sem áttu þarna leið á þessum tíma hafi samband og láti lögreglunni í té hugsanlega vitneskju sína um atvikið. Þetta mun hafa átt sér stað þegar klukkuna vantaði um stundarfjórðung í sex á föstudagskvöldið.

Íslandsmeistaramótið í júdó

Hjördís Erna varði titilinn

Júdókonan Hjördís Erna Ólafsdóttir frá Ísafirði varð hlutskörpust í flokki kvenna undir 57 kg á Íslandsmeistaramótinu í júdó sem fram fór um helgina og varði þar sem titil sinn frá því í fyrra. Í opnum flokki hafnaði hún í þriðja sæti og hlýtur það að munaðist af góður árangur hjá

keppanda í léttasta flokki. Hjördís leggur nú allt kapp á að komast á Ólympíuleikana í Apenu og æfir stíft.

Í vetur hefur hún keppt á mjög sterkum alþjóðlegum mótum, bæði í Danmörku. Um næstu helgi keppir Hjördís á Opna breska meistaramótinu.

Fermingarsýning

Hótel Ísafirði

laugardaginn 12. apríl kl. 16

- Það nýjasta í fermingargreiðslu
- Fermingarbörn sýna fatnað
- Alda Karls sér um förðun á sýningarfólki
- Dúkað veisluborð
- Gjafaborð

JÓN og GUNNA
Austurvegi 2, Ísafirði, sími 456 3464

Hárkompaní
sími 456 6363

SILFURTORG
Silturgötu 1
400 Ísafirði
Sími 456 3210

Hafnarbúðin
Sími 456 3245

Blómaturninn
Austurvegi 2, 400 Ísafirði
Sími 456 5297

SKG
veitingar

Kaffiveitingar

Til fermingargjafa



- Útileguvörur
- Útivistarfatnaður
- Gönguskór
- Öndunarnærfatnaður
- Veiðivörur
- Sjónaukar



- Svefnpokar
- Bakpokar
- Tjöld
- Göngustafir
- Flísteppi



- Reiðhjól
- Hjálmur
- Flíspeysur

Hafnarbúðin
Sími 456 3245



Aðgengi á framkvæmda- tíma tekið til skoðunar

Stígur Arnórsson hjá verk-
takafyrirtækinu Kubbi ehf.,
sem vinnur að lagningu vegar
inn í Tunguskóg í Tungudal
við Ísafjörð, sagði í síðustu
viku að aðkomuleiðir inn á
svæðið á verk tímanum yrðu
teknar til skoðunar. Eins og
fram kemur í annarri frétt hér
í blaðinu ruddu starfsmenn
fyrirtækisins slökkviliði leið

inn í Tunguskóg þegar eldur
kom þar upp í sumarbústað.
Gera má ráð fyrir að slökkvi-
lið hefði átt erfiðara með að
komast á vettvang ef starfs-
menn Kubbs hefðu ekki verið
við vinnu þegar eldurinn
kom upp. Stígur segir að
ekki hafi verið gert ráð fyrir
umferð um svæðið á fram-
kvæmdatímanum og engin

skilyrði þess efnis verið í út-
boðinu.

„Þetta er sumarbústaðaland
og þess vegna var ekki reiknað
með að fólk yrði þarna á þess-
um árstíma. Áætlanir okkar
miðuðu líka við að verkið
gengi hraðar og öllum fylling-
um yrði lokið á þessum tíma.
Þetta er illviðráðanlegt út af
efninu sem gert var ráð fyrir



Frá framkvæmdunum við nýja veginn í Tungudal.

að yrði tekið þarna við veginn
en hefur ekki reynst nógu gott.
Það kemur auðvitað ekkert í
ljós fyrr en farið er að vinna í
þessu. Við höfum líka verið
að lenda í bleytutíð sem hefur

ekki flýtt fyrir.“

Vegna framkvæmdanna er
nú með öllu ófært að þeim
hluta sumarbústaðalandsins
sem gjarnan er kallað Efri-
Skógur. „Það hefur ekkert ver-

ið spáð í að þetta gæti komið
upp. Örugglega verður tekið
á því strax sem öryggisatriði
að þarna verði fær leið ef
eitthvað kemur upp á“, sagði
Stígur.

Merki 99 kr.

Í Nokia síma. Sendu skýlið: **Merki II „kodi“** t.d.: „Merki II 1001“ til að þarla merki 007, Sendið á 1415 (Töl og Íslandssími), 1848 (Símni). Athugið að hvert SMS skýli sem er sent kostar 99 kr.

1098	1100	1180	1001	1003
Connecting...	Shakira	Harry Potter	Audi	BMW
1332	1379	1447	1005	1006
1502	1506	1508	1010	1011
1509	1709	1712	1015	1024
1087	1092	1336	1025	1019
1341	1351	1501	1028	1033
1503	1504	1505	1035	1036
1507	1601	1707	1045	1046
1004	1007	1013	1020	1026
1034	1038	1051	1224	1064

Þessi Þjónusta er á vegum Ícon auglýsingahúss, Laugavegi 26 Reykjavík. Þegar þú notar þessa þjónustu ferðu sjálfrátt í gagnagrunn bb.is og þú getur átt von á SMS sendingum á vegum bb.is án endurgjalds.

Tónar

Í Nokia síma. Sendu skýlið: **lone II „kodi“** t.d.: „lone II 9566“ til að fá lagið TNT með AC/DC. Sendið á 1415 (Töl og Íslandssími), 1848 (Símni). Athugið að hvert SMS skýli sem er sent kostar 99 kr.

Flytjandi	Lag	Kóði
Europe	Final Countdown	7008
Finlandia	Der Kommissar	9287
Fuglasöngurinn	Theme	9287
Gentlar	Fuglasöngurinn	9287
Guns N Roses	11 2000	9287
Harry Potter	Sweet Child of Mine	9287
Iron Maiden	Heaven Theme	9287
Jamiroquai	Run to the Hills	9287
Jennifer Lopez	Number of the Beast	9287
Jennifer Lopez	I feel good	9287
Jennifer Lopez	Jamiroquai	9287
Jenny from the Block	Jenny from the Block	9287
Ain't It Funny	Ain't It Funny	9287
Im Real	Im Real	9287
Like I Love You	Like I Love You	9287
Papa Don't Preach	Papa Don't Preach	9287
Hate to Say	Hate to Say	9287
Can't Get U out of my Mind	Can't Get U out of my Mind	9287
On a Night Like This	On a Night Like This	9287
Spinning around	Spinning around	9287
Get U out of my head	Get U out of my head	9287
Seemingly to heaven	Seemingly to heaven	9287
Are You gonna go my Way	Are You gonna go my Way	9287
American Woman	American Woman	9287
Fly Away	Fly Away	9287
Believe in Me	Believe in Me	9287
Take a Look Around	Take a Look Around	9287
Rearranged	Rearranged	9287
Mission Impossible 2 Theme	Mission Impossible 2 Theme	9287
My Way	My Way	9287
In the End	In the End	9287
Crawlin'	Crawlin'	9287
In the End	In the End	9287
U2 Never Walk Alone	U2 Never Walk Alone	9287
Bilimyn	Bilimyn	9287
May It Be	May It Be	9287
Land of the Kings	Land of the Kings	9287
Man United	Man United	9287
Brüderlein	Brüderlein	9287
Nothing Else Matters	Nothing Else Matters	9287
I Disappear	I Disappear	9287
We are all made of stars	We are all made of stars	9287
Believe	Believe	9287
N Sync	N Sync	9287
It's Gonna Be me	It's Gonna Be me	9287
My Girlfriend	My Girlfriend	9287
Natalie Imbruglia	Natalie Imbruglia	9287
Nelly Furtado	Nelly Furtado	9287
Nelly Furtado	Nelly Furtado	9287
Nelly Furtado	Nelly Furtado	9287
Nelly Furtado	Nelly Furtado	9287
Nirvana	Nirvana	9287
Nirvana	Nirvana	9287

Þessi Þjónusta er á vegum Ícon auglýsingahúss, Laugavegi 26 Reykjavík. Þegar þú notar þessa þjónustu ferðu sjálfrátt í gagnagrunn bb.is og þú getur átt von á SMS sendingum á vegum bb.is án endurgjalds.

MASSI
þrif og vernd

**Vörn á gólfum
Fallegru gólf
Auðveldum þrifum**

Viðskiptavinir MASSA!
Vinsamlegast athugið
að það verður lokað hjá
okkur 26. apríl til 13. maí.
Þantanir og upplýsingar
í síma 456 5198
Netfang: massin@simnet.is

Taktu enga áhættu! MASSI þrif og vernd

Nauðsyn að stjórnvöld styðji við þróunar- og markaðsstarf

– segir Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður Póls hf. á Ísafirði

Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður Póls hf. á Ísafirði, segir nauðsynlegt að stjórnvöld leggi fram aukði fé til að styðja við markaðsrannsóknir, markaðssetningu og þróunarstarf tæknifyrirtækja. Þetta sé óhjákvæmilegt ef vilji sé fyrir því á annað borð að fyrirtækin haldi velli og haldi frumkvæði á heimsmarkaði á því tímabili hágengis krónunnar sem spáð er á næstu fjórum árum. Þegar sé hátt raungengi krónunnar farið að bitna á afkomu útflutnings. Fyrir sitt leyti hafi Póls gripið til hagræðingar í rekstri sem miði að því að sigla fyrirtækinu í gegnum þetta tímabil. Hörður segir hins vegar óhjákvæmilegt að áður nefndir þættir muni sitja meira á hakanum en æskilegt sé.

„Starfsemi framleiðslu-

deildar og markaðsdeildar verður að mestu óbreytt en annars staðar verður skorið niður. Þáttur í þessum aðgerðum er að staða fjármálastjóra og framkvæmdastjóra hefur verið sameinuð í eitt starf og yfirbygging félagsins verið skorið niður“.

Póls hefur nánast allar sínar tekjur í erlendum gjaldmiðlum en nær öll gjöld eru í íslenskum krónum. „Það er bláköld staðreynd, að gengi krónunnar er nú skráð svipað og í ársbyrjun 2000. Síðan þá hafa innlendar launa- og kostnaðarhækkanir verið um og yfir 20%, og margir liðir, svo sem flutningar og samskipti, hækkað miklu meira en það. Það er sama hvernig fyrirtæki í útflutningi reikna, raungengi krónunnar er allt of hátt skráð“, segir Hörður.



Hörður Ingólfsson.

Póls hf. er eitt af leiðandi fyrirtækjum í heiminum á sviði þróunar, framleiðslu og markaðssetningar á hátækni-vörum fyrir fiskiðnað. Hörður segir þann kröftuga fiskiðnað sem var til staðar á norðan-verðum Vestfjörðum á seinni hluta nýliðinnar aldar hafa verið uppsprettu þeirrar þekk- ingar og reynslu sem varð

hvatinn að stofnun fyrirtækis- ins. Í dag fari hins vegar um 90-95% framleiðslunnar á erlendan markað. „Með útrás á erlenda markaði hefur Póls tekist að ná góðri fötfestu þrátt fyrir erfiðleika á heimamörkuðum og þannig staðið af sér þær miklu breytingar sem urðu á ytra umhverfi á liðnum áratug. Þótt fyrirtækið sé örmátt á heimsmælikvarða vegur það engu að síður stórt í sínu umhverfi. Þannig vorum við í fimmta sæti hæstu skattgreiðenda á Vestfjörðum á árinu 2002“, segir Hörður.

Ný uppfinning, svokallað flæðisamval, er sú nýjung sem hefur borið uppi stækkun fyrirtækisins síðustu þrjú árin. „Þessa hugmynd tókst fyrirtækinu að einkaleyfisvernda. Sá góði árangur sem náðst hefur með sölu fjölda véla af

þessari gerð hefur enn frekar eftt tiltrú á vaxtarmöguleika fyrirtækisins.“

Hörður segir að auðlind Póls hafi verið og sé enn fyrst og fremst hugvitið sem starfsmenn og frumherjar fyrirtækisins hafa lagt því til. Hjá fyrirtækinu starfar fólk úr mörgum atvinnustéttum, svo sem iðn- verkamenn, verkfræðingar, tæknifræðingar, rafeinda- virkjar, vélsmiðir, kerfisfræðingar og ekki síst fólk sem er sjálfmenntað á sínu sviði. Þrátt fyrir hátt menntunarstig og mörg hálaunastörf er fjárfesting á bak við hvert starf í fyrirtækinu óveruleg saman- borið við aðrar atvinnugreinar. Heildarféðarmunir sem bundnir eru í félaginu nema aðeins um 150 milljónum króna eða rétt um 4 milljónir króna á hvert starf“, sagði Hörður.

Stuttar af bb.is

Viðurkenn- ingar fyrir úrvalsmjólk

Á aðalfundi Mjólkursam- lags Ísfríðinga um fyrri helgi voru að venju veitt- ar viðurkenningar fyrir framleiðslu á úrvalsmjólk á síðasta starfsári. Viður- kenningar hlutu Stein- grímur Jónsson og Katrín Sigtryggisdóttir í Efri-Engidal við Skutuls- fjörð, Svavar Birgisson í Birkihlíð í Súgandafirði, Birkir Friðbertsson og Guðrún Fanný Björns- dóttir í Birkihlíð, Björn Birgisson og Helga Guðný Kristjánsdóttir í Botni í Súgandafirði og Árni Brynjólfsson og Erna Rún Thorlacius á Vöðlum í Önuðarfirði.

Lítið bókað um páskana

Arnór Jónatansson hjá Flugfélagi Íslands segir lítið bókað í flug til Ísa- fjarðar um páskana. Eru menn að gera því skóna að dræmt útlit hvað varð- ar snjóalög dragi úr áhuga ferðalanga. Á hinn bóginn kunni fleiri að koma akandi þegar stöð- ugt er prýðileg færð á vegum. Ísfríðingar eru þó ekki af baki dottnir varð- andi Skíðavíkuna. Verið er að kanna möguleika á skíðaiðkun upp til heiða og öðrum óhefðbundnum uppátækjum, bregðist skíðasvæðið í Tungudal.

Vínveitinga- staðir rýmdir

Rétt fyrir klukkan hálf tvö aðfaranótt sunnudagsins urðu lögreglumenn varir við að vínveitingastaður á Ísafirði var opin án þess að tilskilin leyfi væru fyrir hendi. Starfs- manni var gert að loka staðnum strax. Laust fyrir klukkan fjögur sömu nótt var annar vínveitinga- staður rýmdur á Ísafirði. Þá var komið langt fram fyrir leyfilegan opunar- tíma en gestir ennþá þar inni.

Hildur Helga í efsta sæti?

Hildur Helga Sigurðar- dóttir blaðamaður, sem þekkt varð fyrir útvarps- pistla frá Englandi og síðan fyrir sjónvarps- þætti, verður í efsta sæti á lista Nýs afls í Norð- vesturkjördæmi, ef allt fer eftir. Hún segir að leitað hafi verið til sín um þátttöku í starfi Nýs afls með það í huga að hún færi í framboð í kjör- dæminu.

Stjórn Skógræktarfélags Ísafjarðar

Hefur áhyggjur af Gömlu gróðrarstöðinni

Stjórn Skógræktarfélags Ísafjarðar hefur áhyggjur vegna fyrirhugaðrar vegar- lagningar inn að tjald- svæðinu í Tungudal við Skutulsfjörð. Í bréfi til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, sem Magdalena Sigurðar- dóttir formaður félagsins ritar fyrir hönd stjórnar, kemur fram að stjórnin óttast að vatnsagi geti grafið undan rótum trjáa í skógarreit sem nefndur er Gamla gróðarstöðin. Ákveðið var að leggja ný- an veg frá Bræðratungu og inn að Golfskála og á hann að liggja nokkru ofar í landinu en gamli vegurinn. Þaðan og inn að tjaldsvæði verður gamla vegstæðinu

fylgt. Verkið var boðið út ekki alls fyrir löngu stendur nú yfir. Því á því að ljúka í sumar. Í bréfinu segir að stjórn Skógræktarfélags Ísafjarðar hafi frétt það á liðnu hausti að til stæði að ráðast í þessa vegarfram- kvæmd. „Í ljós kom að áætlað væri að veita Kornuá þvert í gegnum enda Gömlu gróðrarstöðvarinnar í opnum skurði. Stjórninni leist nú ekki á það en í óformlegum viðræðum við hönnuði var látn í ljós sú skoðun, að til greina kæmi að leggja rör fyrir ána þessa leið, að minnsta kosti niður fyrir stíg sem er langs eftir skógar- reitnum. Fyrir neðan enda ræsisins þyrfti þá að gera

farveg fyrir ána.“ Síðan segir í bréfinu að ekkert hafi heyrst frekar af málinu en eftir að vegar- framkvæmdin var boðin út hafi verið leitað upplýsinga um útboðs- lýsingu. Þá hafi komið í ljós að gert er ráð fyrir gerð ræsis sem ljóst sé að nái ekki niður fyrir nefndan stíg. „Engin ákvæði eru um frágang neðan ræsis. Síðan mun áætlað að víkka skurð sem liggur fast fyrir neðan reitinn og veita Kornuánni í hann. Stjórnin óttast að hann geti hugsanlega grafið frá rótum trjánna sem þar eru.“

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Lamaður eftir bílslys í Bjarngötudal

Fjársöfnun stendur yfir

Í lok febrúar fréttist af al- varlegu bílslysi í Bjarngötudal milli Rauðasands og Patreks- fjarðar. Þetta slys gjörbreytti í einni svipan lífi ungs manns, Ástþórs Skúlasonar að Mela- nesi á Rauðasandi. Eftir slysið er hann lamaður frá mitti og

niður úr og verður bundinn hjólastól héðan í frá. Skellur af þessu tagi kostar sitt og margvíslegar breytingar þarf að gera til þess að geta lifað sem eðlilegustu lífi, þar á meðal breytingar á hífýlum. Vinir og frændfólk Ástþórs

hafa nú farið af stað með söfn- un til styrktar honum og opnað reikning í hans nafni í Spari- sjóði Vestfirðinga á Patreks- firði, í ljósi þess að margt smátt gerir eitt stórt. Reikn- ingurinn er 1118-05-401445, kennitala 200773-4979.

Sjávarútvegssýningin í Boston

3X-Stál með stór verkefni vestanhafs

Góður rómur var gerður að framleiðsluvörum 3X-Stáls á Ísafirði á hinn alþjóðlegu sjávarútvegssýningu Boston Seafood Show sem nú er ný- lokið. Jón Páll Hreinsson markaðsstjóri segir að vel hafi tekist til eins og endraner en þetta var í sjöunda sinn sem fyrirtækið tekur þátt í sýning- unni.

„Þetta gekk í alla staði vel og við fengum mikinn fjölda gesta til okkar. Við höfum um nokkurt árabíl sýnt í Boston með góðum árangri. Að þessu sinni lögðum við áherslu á rækjusjóðara, snyrtilínur og karalausnir“, segir Jón Páll. 3X-Stál er með stór verkefni í

gangi vestanhafs um þessar mundir og margir starfsmenn eru nú þar ytra við uppsetn- ingu á búnaði í fyrirtækjum.

„Með þátttökunni í sýning- unni í Boston náum við reglu- lega sambandi við viðskipta- vini okkar í Bandaríkjunum, Kanada og nyrsta hluta Suður- Ameríku. Sýningin var á árum áður stærsta sjávarútvegssýn- ing heims en nú er sýningin í Brüssel orðin stærri“, segir Jón Páll.



Fjarnám í tölvunarfræði – nýir námsmöguleikar

Nemendur í fjarnámi í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík verða til viðtals á Fræðslumiðstöð Vestfjarða fimmtudaginn 10. apríl kl. 17-19.

Komdu við og kynntu þér nýja náms- möguleika.



SÆLKERARVÍKUNNAR

ERU ANNA B. SIGURÐARDÓTTIR
OG ERLINGUR SIGTRYGGSSON

Pizza

Settur er góður slatti af hveiti í skál. Þetta er ekki vigtað, en gæti verið um 300-500 grömm. Lúku af heilhvæiti saman við. Síðan næ ég í gerbréf, segir Erlingur, og set rúmlega helminginn út í, örlítið af salti. Fara nokkra hringi í þessu með sleif. Svo er gusa af olíu út í þetta, og volgu vatni blandað saman við, uns hægt er að hnoða. Hnoða vel, set þetta í skál, breiði yfir og svo á að láta það vera í friði.

Nú er rétt að lesa blöðin, taka úr uppþvottavélinni, þurrka af, sópa gólfín og skúra þau, þvo, strjúka lín, fara í sturtu og fá sér bjór. Þetta má þó helst ekki taka nema um 45 mínútur. Nú er mikilvægt að gleyma ekki að kveikja á ofninum, stilla hann á rúmlega 200. Síðan er að undirbúa næsta stig. Fyrst er að gera sósu, ef ekki er notuð iðnaðarsósa. Tómatkraftur, olía, hvítlaukur og eitthvað grænt og ítalskt sem ég man ekki hvað heitir, en finn yfirleitt í kryddskúfunni. Þetta skal vera í nákvæmlega réttum hlutföllum, eins og augað segir manni. Gera þetta að mauki með hentugum vélbúnaði.

Svo er að gera áleggjið klárt. Rífa niður ost, opna túnfiskdós, þíða rækjur, skera niður sveppi, lauk og papríku, þeir sem vilja hafa eitthvað annað eða fleira taka það til. Flest sem finnst í ísskápnunum, þ.e.a.s. ket eða álegg kemur til greina, nema helst saltkjöt og slátur. Heyrt hef ég eða lesið að nota megi kúrbít eða eitthvað ennþá fáránlegra, en það hef ég aldrei reynt. Ekki finnst mér gefðfellt tilhugsun að éta pistla, en það gera víst sumir. Skinka, ananas, hakk, pepparoni o.fl. kemur hins vegar vel til greina. Yfirleitt bý ég til



nokkrar pizzur og hef sína með hverju sniði, sérstaklega ef Úlfsárbræður eru í heimsókn.

Þá er að taka hæfilega hnefafylli af deiginu og breiða út, með kefli. Ég hef botninn þunnan. Set bökunarpappír á plötu og botninn þar á, smyr sósunni á og set áleggjið, nema ostinn, baka þetta hæfilega lengi eftir auganu, og útbý þá næstu á meðan, set svo ostinn og baka þar til hann er hæfilega bráðinn og svo koll af kolli, uns nóg er komið. Við Stefán viljum hafa afgang til að snarla næstu daga.

Vilji menn greiða áfengisskatta, sem enginn hefur ennþá lofað að lækka, geta þeir drukkið rauðvín eða bjór með þessu, en gos, ef þeir vilja heldur greiða gosskattinn, sem framsóknarmenn vilja reyndar hækka. Vatn má þó drekka að skattlausu.

Aðalfundur tæknifyrirtækisins Póls hf. á Ísafirði

Áframhaldandi vöxtur en reksturinn í járnum

Rekstrartekjur tæknifyrirtækisins Póls hf. á Ísafirði voru liðlega 469 milljónir króna á liðnu ári og jukust úr tæpum 320 milljónum frá árinu áður. Rekstur félagsins á árinu 2002 er gerður upp með ríflega 400 þúsund króna tapi en árið 2001 nam hagnaður félagsins tæpum 26 milljón-

um króna. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsgjöld og skatta (EBITDA) nam ríflega 19 milljónum króna á árinu 2002 en var um 37 milljónir árið 2001.

„Við höfum fylgt velgengi fyrri ára óhikað eftir og fjárfestum á síðasta ári í aukinni framleiðslugetu og bættum

við mannskap. Nú þurfum við að taka þau áform til endurskoðunar vegna ytri aðstæðna“, segir Hörður Ingólfsson, stjórnarformaður Póls hf.

Athygli vekur að efnahagsreikningur félagsins lækkar milli ára þrátt fyrir stóruknar tekjur. Heildareignir þess námu rúmum 146 milljónum á síðasta ári en voru um 168 milljónir á árinu 2001. Stafar þetta af minnkun veltufjármuna milli ára. Eiginfjárlutfall félagsins er ríflega 53%.

Þetta kemur fram í samstæðureikningi Póls hf. sem lagður var fram á aðalfundi félagsins fyrir árið 2002. Til samstæðunnar heyrir móðurfélagið auk dótturfélagsins Póls verkfræðistofu ehf. sem sér um stærri verkefni á sviði

vinnsluferfa fyrir matvæla- og fiskiðnað. Auk þess á félagið 30% hlut í í Pols-Norge a/s sem annast sölu og dreifingu á framleiðsluvörum Póls í Noregi.

Hörður Ingólfsson segir verkefnastöðuna hafa verið mjög góða á síðasta ári. „Jafnvel má segja að það hafi verið of mikið álag á okkur á köflum, sem hafði í för með aukinn framleiðslukostnað að einhverju leyti vegna aukinnar vinnu undirverktaka og yfirvinnu okkar starfsmanna. Okkur finnst súrt í broti að horfa upp á þessa afkomu því að innri starfsemi félagsins hefur gengið mjög vel en skilaverðið til okkar hefur lækkað vegna styrkingar krónunnar.“

Útgáfutónleikar á Langa Manga

Fyrsta plata Skúla Þórðarsonar trúbadors

Bekkurinn var þéttsetinn á kaffihúsinu Langa Manga á Ísafirði í síðustu viku á útgáfutónleikum vegna fyrstu plötu trúbadorsins Skúla Þórðarsonar. Raftónlistar- maðurinn Mugison hitaði upp

og var gerður góður rómur að tónlist þeirra félaga. „Þetta lukkaðist bara stórvél, viðtök- ur góðar og stemmningin skemmtileg.“

Á plötunni sem heitir einfaldlega Skúli Þórðarson eru

MAÐUR VÍKUNNAR

Skemmtilegast að dúlla með Dóru!



Nafn: Guðmundur Magnús Kristjánsson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Í Bolungarvík 19.02.1956.
Atvinna: Hafnarstjóri í Ísafjarðarbæ.

Fjölskylda: Á börnin Örn Elías 26 ára, Erlu Sonju 23 ára og Helgu 9 ára.

Helstu áhugamál: Að dúlla mér með Dóru.

Bifreið: Honda Civic V-tec árgæð 2000.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Hef ekkert vit á bílum og er því sama ef ég kemst þangað sem ferðinni er heitið hverju sinni.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Skipstjóri.

Uppáhalds matur? Allur íslenskur matur, ferskur, súr eða úldinn þegar það á við.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Ekki smakkað hann ennþá.

Uppáhalds drykkur? Ardbeg single malt viskí.

Uppáhalds tónlist? Ég er alæta á tónlist en hlusta mest á Mugison um þessar mundir.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Anna Kristín Jensdóttir sundkona hjá Íþróttafélagi fatlaðra.

Uppáhalds sjónvarpsefni? Það er ekkert sjónvarpsefni svo spennandi að ég haldist vakandi og horfi þess vegna lítið á sjónvarp.

Uppáhalds vefsíðan? mugison.com

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? The Commitments.

Fallegasti staður hérlendis? Reykjarfjörður á Hornströndum, æskuheimili móður minnar.

Fallegasti staður erlendis? Frumskógar Sarawak á Borneo þar sem enn má hitta frumbyggja Iban og Bidayo ættbálksins sem lifir á því sem landið gefur. Ertu hjátrúarfull(ur)? Nei (7-9-13).

Uppáhalds heimilistækið? Blandarinn.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Elda góðan mat og dúllast með Dóru og rækta vináttu við systkini mín og vini.

Hvað fer mest í taugarnar á þér og hvers vegna? Þegar ég byrja á því að prúttu, ég er að reyna að venja mig af því, en ég vandist þessu þegar ég bjó erlendis og öll viðskipti gerðu ráð fyrir að væri prúttuð. **Hvað gerir þú til að láta þér líða vel?** Mér líður allt af vel.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Þegar ég pissaði utan í girðinguna hjá Petu og Árna Ella í Víkinni og Peta öskraði á mig og mér brá svo mikið að ég hljóp upp Traðarstíginn með tippíð úti og mætti Betu Sævars á miðri götunni.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Ég myndi hóla í hafnarstjórnann og gefa honum 2-3 glös af besta viskíinu sem ég ætti og tilkynna honum að hann hafi unnið sér inn 100% kauphækkun.

Lífsmottó? Sofna brosandí og vakna skellihljæjandi á hverjum degi.



Skúli Þórðarson, trúbador.

sex lög. Skúli segir hana að mestu heimagerða en hún hafi verið tekin upp með aðstoð Vernharðs Jósefssonar. Vestfirski útgáfufélagið Dauðarokk s/m sér um útgáfu plötunnar en það hefur áður gefið út tvær skífur raftónlistar-

mannsins Jóhanns Friðgeirs Jóhannssonar. Skúli segir efni plötunnar vera hefðbundna kassagítarmúsík, lögin séu innbyrðis ólík og „skírkoti til mannslegrs og guðlegs eðlis“.



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOD

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í útboðsverkið „Undirbygging gervi-grasvallar“ á Torfnesi á Ísafirði.

Helstu magntölur: Uppúrtekt 1.400m³, dremskurðir og drenlagnir 570m, burðarlag 1.120m³, sandlag 350m³, jöfnun 6.970m² lýsing 6 staurar og 350m rafstrengur, girðing 350m o.fl.

Útboðsgögn verða afhent frá og með fimmtudeginum 10. apríl nk. og tilboð verða opnuð 16. apríl 2003 kl. 11:00.

Verð útboðsgagna er kr. 5.000.-

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.



Landað úr Júlíusi Geirmundssyni ÍS 270 í Ísafjarðarhöfn.

Landaður afli í höfnum Ísafjarðarbæjar

Nær 40% samdráttur á fimm ára tímabili

Landaður afli fiskiskipa í höfnum Ísafjarðarbæjar hefur dregist saman um nærri 40% á fimm ára tímabili eða úr um 46 þúsund tonn um árið 1998 í liðlega 28 þúsund tonn árið 2002. Magn landaðs afla stendur nokkurn veginn í stað á milli árunna 2001 og 2002. Vöruflutningar um Ísafjarðarhöfn eru hins vegar svipaðir að umfangi árið 2002 og þeir voru árið 1998.

Samdrátturinn er hlutfallslega mestur í Flateyrahöfn eða um 62% þar sem landaður afli dregist saman úr tæplega 13.000 tonn um í tæplega 5.000 tonn milli árunna 1998 og 2002. Þingeyrahöfn heldur sínum hlut hvað best á tímabilinu. Landaður afli þar dróst

saman úr liðlega 4.200 tonn um í um 3.500 tonn sem jafngildir liðlega 17% samdrætti.

Guðmundur Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir vísbendingar um að umfang landaðs afla í höfnunum í bæjarfélaginu sé að ná jafnvægi. „Aflinn sem kemur inn á hafnirnar hefur síðustu tvö ár verið stöðugur í tæpum 30 þúsund tonn. Það er lítilsháttar samdráttur frá árinu 2000 þegar hann var um 33 þúsund tonn. Í Tilviki Flateyrahafnar munar mest um skelina en árið 1999 var síðasta árið sem henni er landað“, segir Guðmundur.

Stærsti tekjuliður hafnanna kemur af viðskiptum við fiskiskip. Guðmundur segir að hin

síðari ár virðist afli heimamanna vera á svipuðu róli en sveiflur séu í fjölda aðkomubáta og því magni sem þeir landa. „Aðkomubátarnir vega þungt á sumrin, eins og á Suðureyri og Flateyri, en það eru misgóð ár í því eins og gengur.“

Samskip hættu strandflutningum til Ísafjarðar árið 2000 og fóru að leggja alla áherslu á landflutninga. Þrátt fyrir það eru vöruflutningar á árinu 2002 svipaðir og árin 1998 og 2000. Stærstur hluti flutninganna um Ísafjarðarhöfn er með sjávarafurðir. „Þeir drógu saman árið 2001 en eru aftur komnir í svipað horf og áður eða í kringum 55 þúsund tonn á ári“, sagði Guðmundur.

Aðalfundur Mjólkursamlags Ísfirðinga

Verulegur bati í rekstrinum á síðasta ári

Fram kom á aðalfundi Mjólkursamlags Ísfirðinga fyrir skömmu að umtalsverður bati varð í rekstri þess á síðasta ári. Rekstrartekjur voru um 208 milljónir króna og tap á rekstrinum um 770 þúsund krónur. Til samanburðar voru rekstrartekjur árið 2001 um 196 milljónir króna og rekstrartap um 23 milljónir króna. Tekið er fram að aðferð við uppgjör var samræmd öðrum fyrirtækjum í mjólkuriðnaði á Íslandi og kemur það þessum samanburði milli ára í óhag sem nemur um þremur milljónum króna.

Á fundinum kom fram

ánægja með þá ráðstöfun stjórnar að leita til Mjólkursamsölnunnar í Reykjavík eftir aðkomu að yfirstjórn fyrirtækisins. Samstarfssamningur þar að lútandi var gerður 1. september á síðasta hausti. Frá þeim tíma og út þetta ár að minnsta kosti er Sigurður Rúnar Friðjónsson mjólkurbússtjóri í Búðardal starfandi sem mjólkursamlagsstjóri á Ísafirði. Þetta er nokkurs konar fjarstýring frá Búðardal en Halldór G. Guðlaugsson framleiðslustjóri hefur með höndum allan daglegan rekstur samlagsins.

Nú stendur yfir markaðs-

átak fyrir próteindrykkinn PRIMUS og telja forsvarsmenn samlagsins að viðbrögð gefi góðar vonir með framhald framleiðslunnar. Sósugrunnur sem einnig er framleiddur í samlaginu virðist halda ágætlega stöðu sinni á markaði.

Í stjórn Mjólkursamlags Ísfirðinga eru Ebba Jónsdóttir á Hóli í Öndarfirði, Sigmundur H. Sigmundsson á Látrum í Mjóafirði, Sunna Rey Sigurjónsdóttir á Ósi í Bolungarvík, Björn Birkisson í Botni í Súgandafirði og Árni Brynjólfsson á Vöðlum í Öndarfirði, sem er formaður.



Stjórnarkjör

Verkalýðsfélag Vestfirðinga auglýsir hér með eftir listum eða tillögum um menn í stjórnarsæti vegna kjörs stjórnar og trúnaðarráðs fyrir starfsárið 2003-2004 að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Samkvæmt því ber að skila lista skipuðum formanni, varaformanni, gjaldkera og ritara ásamt 22 mönnum í trúnaðarráð, tveimur skoðunarmönnum reikninga og tveim til vara eða tillögum um menn í eitthvert, einhver eða öll stjórnarsætin, sem kjósa skal til. Hverjum framboðslista eða tillögu skulu fylgja meðmæli minnst 25 fullgildra félagsmanna.

Listum eða tillögum ber að skila á skrifstofu félagsins Pólgötu 2, Ísafirði, eigi síðar en kl. 12.00 á hádegisþriðjudaginn 22. apríl 2003.

Ísafirði 8. apríl 2003
Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga

TÓNLIST
RICHARD RODGERS SÖNGTEXTAR
OSCAR HAMMERSTEIN II

LEIKRIT BYGGT Á ÆVI MARÍU VON TRAPP
HOWARD LINDSAY
& RUSSELL CROUSE

LEIKSTJÓRI:
ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR

LITLI LEIKKLÚBBURINN
& TÓNLISTARSKÓLI
ÍSAFJARÐAR

the sound of music

söngvaseiður

NÆSTU SÝNINGAR:

laugardaginn **12.apríl** kl. 20:00

sunnudaginn **13.apríl** kl. 16:00
PALMASURNUDAG

miðvikudaginn **16.apríl** kl. 20:00

föstudaginn **18.apríl** kl. 20:00
FÖSTUDAGINN LANGA **ÚPPSELT**

laugardaginn **19.apríl** kl. 16:00

mánudaginn **21.apríl** kl. 20:00
ANNAN Í PASKUM

fimmtudaginn **24.apríl** kl. 16:00
SUMARDAGINN FYRSTA

laugardaginn **26.apríl** kl. 16:00

fimmtudaginn **1.maí** kl. 16:00

MIÐAPANTANIR Í SÍMA 691 0383

Þróunin á sér ýmsar myndir

– heimsókn til séra Baldurs Vilhelmssonar, fyrrum prófasts, sem setið hefur Vatnsfjörð í hartnær hálfa öld



Í sumar eru fjögur ár liðin frá því að séra Baldur Vilhelmsson í Vatnsfirði við Djúp lét af embætti prófasts í Ísafjarðarprófastsdæmi. Þá hafði hann gegnt því embætti í rúman áratug en verið prestur í Vatnsfirði frá sumri 1956. Prófastsstarfinu sleppti hann lögum samkvæmt á sjötugsafmælinu 22. júlí 1999 en lét af prestsembætti um mánaðamótin þar á eftir. Þá hafði hann bollokað í Vatnsfirði ríflega 43 árin. Eftir það var hann íðulega kvaddur til að gegna einstökum prestsverkum hjá gömlum sóknarbörnum eins og gamlir prestar gera íðulega, svo sem til að skíra börn. Við heimsækjum séra Baldur á sunnudegi síðla í mars. Ferðin frá Ísafirði gengur fremur seint. Vegir eru slæmir þar sem bundnu slitlagi sleppir. Öðru hverju liggur leiðin um skúrabelti og stundum er lemjandi slydda eða snjókoma. Stundum er bálhvasst og stundum hægviðri. Stundum skín sólin glatt á undraveröldina við Ísafjarðardjúp. Það eru öll veður í Djúpi þennan dag.

Baldur Vilhelmsson pastor emeritus er einn heima í Vatnsfirði þessa dagana. Eigin kona hans í bráðum hálfa öld, Ólafía Salvardsdóttir úr Reykjavíri handan við nesið, hafði skroppið suður eins og hún gerir stundum. Börnin þeirra eru flest búsett fyrir sunnan. Sjálfur hefur hann ekki farið suður að Faxaflóa í

heilt ár, að hann minnir. „Ég bjarga mér alveg sjálfur þegar konan er fyrir sunnan. Ég hef lært af einverunni að sjóða mér mat. Auk þess býr hún í haginn fyrir mig áður en hún fer. Hefur til reiðu tilbúinn mat sem nægir að hita upp.“

Annars eru þau hjónin ein í Vatnsfirði. Ekki einu sinni köttur eða hundur. Búskapur

er aflagður. Öðru vísi mér áður brá. Sú var tíðin að Vatnsfjörður var eitt af auðugustu höfuðbólum landsins og fjölsetinn staður. Í sóknunum við innanvert Ísafjarðardjúp stappar nú nærri mannauð.

Séra Baldur segir þetta vera framhald af hnignuninni sem varð norðan Djúps. „Þetta er víst kallað þróun. Núna nota menn orðið þróun um alla skapaða hluti. Líka um hnignun. Fólkið norðan Ísafjarðardjúps fluttist mikið til Ísafjarðar, Bolungarvíkur eða Hnífsdals. Það gerði fólkið hér líka eða þá að það fluttist suður án viðkomu í bæjunum og þorpunum hér fyrir vestan.“

Allt hefur sinn tíma.

Þetta er það sem sumir kalla öfugþróun og séra Baldur kallar hnignun en aðrir einfaldlega þróun.

Allt hefur sinn tíma, líka þróun, hvort sem hún snýr rétt eða öfugt.

Þá heyrðist hvísið frá slættinum

Séra Baldur er Skagfirðingur að uppruna, fæddur á Hofssí og sleit þar barnsskónum margþvældu. Gekk menntavegin þegar hann var búinn að fá nýja skó. Lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri og síðan guðfræði-

prófi frá Háskóla Íslands. Strax eftir guðfræðipróf lá leiðin vestur að Djúpi. „Ég kom hér 4. júní 1956 og hafði tekið vígslu daginn áður. Þegar ég fór vestur var allt orðið grænt í gördum fyrir sunnan. Ég sigldi inn Djúpið með Fagranesinu. Mér er minnstætt að þá var allmikil snjó-ræma með Snæfjallaströndinni og jafnvel skaflar á tún-um. Yfirbragð allt annað en syðra.“

Aldrei hafði Baldur komið á Vestfirði áður. Myndin sem blasti við honum var töfrandi. „Það var logn og blíða og sól-skin og Djúpið spegilslétt þegar við sigldum inn, fuglalíf í algleymingi á sjó og landi og selir og allt yndislegt.“

Þegar ungi presturinn vaknaði á morgnana í kvistherbergi í Vatnsfirði fyrsta sumarið sitt þar heyrði hann ekki gnyðráttarvéla heldur hvísið þegar sláttumaðurinn skáraði með orfi og ljá eins og tífkast hafði á þessum stað í þúsund ár. Vélaöld og þróun eða öfugþróun voru ekki gengnar í garð við Ísafjarðardjúp.

Fyrsta haustið séra Baldurs í Vatnsfirði kemur skólastjórnin í Reykjanesi og biður unga prestinn að kenna í vetur enda ekki langt á milli. Þann vetur var ráðskona í Reykjanesi ung stúlka úr Reykjavíri milli

Vatnsfjarðar og Reykjaness, áður nefnd Ólafía dóttir Salv-ars bónda Ólafssonar og Ragnheiðar Hákonardóttur frá Reykhólum. „Með okkur tók-ust þennan vetur þau kynni að segja má að við höfum trúlofast“, segir séra Baldur högværlega.

Og síðan hefur tíminn liðið.

Einsetufólk í Vatnsfirði

– Hvernig var að láta af embætti eftir alla þessa áratugi?

„Ég fann dálítið fyrir því. Auðvitað var orðið lítið að gera. Fólkinu hafði fækkað mjög og sumar sóknirnar að heita má komnar alveg í eyði. En allt í einu var ég laus við að sinna neinu. Mörgum kann að finnast það kostur. Mér voru það viðbrigði.“

Þú ert staddur hér í Vatnsfirði í dag, Hlynur Þór Magnússon úr Mosfellsllá, og í raun er þetta í eyði. Í og með dveljumst við hjónin hér vegna íbúðarhússins. Ef ekki væri kynt hér og haldið við húsum færi allt í niðurníðslu. Ég hafði mikið fyrir að byggja þetta hús eitthvað upp úr 1960 og kann illa við að það grotni alveg niður.

Já, það fylgir þessu viss tólmleiki. Ekki þar fyrir, ég fæ

ótal símtöl. En veturinn er langur. Jafnvel þó að elstu menn muni ekki eins góðan vetur og þennan. Reyndar muna elstu menn yfirleitt ekki nokkurn skapaðan hlut, ef út í það er farið. Já, veturinn hér er langur miðað við það sem áður var. Hér var oftlega áður fyrir fjöldi fólks um jól og páska, eftir því sem sóknin bauð upp á. Þó að það hafi nú orðið minna með árunum. Nú er ákveðinn tólmleiki. Og ekkert við því að gera. Mér fellur ekki að flytjast alveg strax suður á malbikið. Líka er viss breyting að vera hættur búskapnum. Ég var á tímabili með um 200 fjár í húsum. Ég hætta alveg með búfé árið eftir að ég hætta sem prófastur eða þar um bil.

Það bjargar einsetufólki, eins og ég get eiginlega kallað okkur hjónin, því að hér kemur oft enginn dögum saman, að ég hef gott bókasafn. Ég hef tekið til í því núna eftir að ég hætta og les eða hlusta á diska og kassetur. Mér þykir gott að hlusta á lestur. Ég held mig mjög við fornsögurnar og síðan eru ýmis nýrri verk til á diskum. Ólafur Jóhann yngri til dæmis, Laxness og fleiri af þessum yngri höfundum, sem hægt er að kalla svo ef maður miðar við Snorra heitinn. Svo hefur maður út-



varpið eins og allir. Og mynd-
varpið, en á það er ekki mikið
horft hér. Annað hef ég nú
ekki mér til dunders yfir vet-
urinn. En þegar vorar hér við
Djúp, þá koma vorverkin
ýmisleg.“

– Þú ferð út í Borgarey að
huga að æðarvarpinu ...

„Sumar sem leið var fyrsta
sumarið mitt hér sem ég fór
ekki út í eyju. Ég er ekki alveg
öruggur til gangs eftir að ég
fékk mér eins og aðrir góðir
Íslendingar í hópum sænskt
stál í mjóðmina og fer því
heldur varlega með mig. Þetta
var gert af mikilli snilld og
við höfum fleiri hér í Djúpinu
þurft að fara í slíkar aðgerðir.
En ég fer út í eyju núna þegar
vorar, í maíbyrjun eða svo. Þá
þarf ég að setja bátinn og
vélina í stand.“

Aftur kominn í grískuna

Í guðfræðideildinni á sínum
tíma las Baldur forngrískur
eins og fara gerði. Seinna nam
hann þá tungu betur sérstak-
lega og las ágætir bækur á
því máli af miklum áhuga sér
til yndis, svo sem guðspjöllin.
Spyrja má hvort hann líti ekki
eitthvað í forngrískar bók-
menntir ennþá.

„Auðvitað trassaði ég það
eins og kannski margt annað í

mörg ár. En einmitt núna í
vetur keypti ég mér Markúsar-
guðspjall sem Bergdal nokkur
leikari fyrir norðan les á ís-
lensku. Það er þægilegt að fá
þetta lesið upp og hafa gríska
textann fyrir framan sig um
leið. Svo hef ég lítið í fleiri af
þessum gömlu ritum sem ég
hef haldið til haga.“

Fólkið sem var

– Fátt mun eftir af því fólki
sem hér var í sveitum áður en
þróun hófst, meðan búskapur
stóð í blóma þegar þú komst
að Djúpi fyrir nærri hálfri öld.
„Já, blessaður vertu. Ég
minnst þar fyrst og síðast
þeirra hjóna í Miðhúsum í
Vatnsfjarðardal, Hans og Stef-
aníu. Núna er hún gengin. Þau
voru ákaflega góðir og þægi-
legir nágrannar. Alveg með
afbrigðum. Þau voru hér í
Miðhúsum þegar ég kom í
Vatnsfjörð fimmtíu og sex.
Það var stutt á milli og Hans
kom hér á bátinn með mjólk-
ina sína á meðan báturinn var
eins og aðrir bændur í dalnum.
Páll var oddviti hér í Þúfum
og kunnur maður nokkuð svo.
Tengdafaðir minn var í Reyk-
jafirði og bjó stóru búi. Svo
má nefna fólkið sem síðar bjó
í Þúfum, Ara Sigurvin og
Freyju konu hans. Það var
ákaflega dýrmætt fyrir mig að

eiga svona nágranna. Hínum
megin við nesið var fólkið í
Skálavík og á Keldu og inn
allan Mjóafjörð, þar sem nú
er nærfellt orðin landauðn.

Breytingin á búsetu hér er
geysileg og þetta grunaði
engan. Það óraði engan fyrir
því að slík örlög biðu þessarar
sóknar og allra þessara
hreppa. Ég kom því ekki í
verk að láta moka aftur ofan í
skurðina. Ég lét grafa þetta
við upphaf búskapar og sumt
fór í ræktun en annað ekki.
Með tímanum sá ég að réttast
væri að moka ofan í þetta aftur.
Það gladdi mig þegar ég sá
það í myndvarpinu fyrir nokk-
rum árum að einhverjir syðra
voru að moka aftur ofan í
skurðina. Við höfum líka yfir-
drifið af okkar ágæta kjöti og
ástæðulaust að vera að fram-
leiða meira af því en þarf.
Ekki þýðir að framleiða vöru
ef hún selst ekki. Það er einfalt
lögmál í hagfræði.“

Séra Baldur segir að það
hafi verið ákaflega „fastur
andi“ meðal bænda í héraðinu
á fyrri tíð. „Þó náði ég nú ekki
í þann tíma þegar skekta var á
hverjum bæ. Það var eiginlega
búið fimmtíu og sex nema þá
helst í Skötufirði. Hér sóttu
menn sjóinn á fyrri tíð. Djúpið
var kallað Gullkistan.“

– Rerir þú til fiskjar?
„Ég fór einu sinni með

kunningja mínum eitthvað út
á fjörðinn og renndi færum.
En það var alveg vonlaust.
Nei, ég reri aldrei til fiskjar.
Ekki hérna. Ég reri ungur til
fiskjar í Skagafirði með afa
mínum.“

Mikil stígamanneskja

Talsverð umferð er þennan
sunnudag um þjóðveginn í
Vatnsfirði neðan staðarins
vegna þess að vegurinn um
Eyrarfjall er lokaður. Við sjá-
um bíl sveigja af leið og aka
niður fyrir veg og nema staðar
þar sem gamla þinghúsið og
gamli hjallurinn standa niðri
við sjó. Einn maður gengur
frá bílnum til að skoða mann-
virkin. Sólin skín glatt eins
og daginn þegar ungi prestur-
inn kom hér í fyrsta sinn.

„Hér kemur á sumrin mjög
margt fólk að skoða staðinn,
skoða kirkjuna og kirkjugarð-
inn sem hlaðinn var upp fyrir
fáum árum og þessi litlu hús
niður frá.“

– Og nú er kominn göngu-
stígur upp að Grettisvörðu.

Séra Baldur telur að enn sé
eftir að leggja síðustu hönd á
það verk, „sem er undir kom-
mandó ágættrar konu á Ísafirði
af þýskum uppruna.“ Hann
segir að kona þessi sé mikil
stígamanneskja. „Eldra fólk
kvartaði yfir því að komast
ekki upp að vörðunni en það
hefur lesið um hana margt
hvert. Við fórum nú einu sinni
upp að henni saman báðir tveir
fyrir fimmtán eða tuttugu ár-
um.“

– Þá vorum við nú yngri en
við erum núna.

„Kannski eitthvað örlítið
yngri. Annars er engin ástæða
til að eldast frekar en maður
vill. En ég harma það svo sem
ekkert.“

Guð er stór en líka mjög lítill

Ög við rifjum upp fleira frá
gömlum dögum þegar menn
voru kannski eitthvað örlítið
yngri. Eins og messuna í Un-
aðsdal. Við ókum fyrir Lónið
síðla hausts í hvössu og köldu
veðri. Ekki þótti taka því að
kynda upp kirkjuna heldur var
messan sungin í litlu stofunni
í Unaðsdal hjá þeim hjónum
Stefaníu og Kjartani. Þá voru
ekki eftir í byggð nema tvö
byli á Ströndinni enda þróun
komin vel á veg. Við messuna
voru fimm eða sex manns og
einn hundur. Hvítur dúkur var
breiddur á borð og ræðupúlt á
og kerti hjá. Þetta var fögur
guðspjónusta.

„Já, Guð er mjög stór“,
segir séra Baldur. „En hann er
líka mjög lítill og kemst fyrir
í litlum húsum. Á þetta ráð
var brugðið oftár hér í sóknun
þegar færð og veður voru erfið
og kirkjugestir af þeim sökum
sárafaír.“

Húslóð sem minnkar þegar nær dregur

Þegar ekið er út með Mjóa-
firði austanverðum birtist veg-
farendum sérkennileg bygg-
ing sem í fjarska minnir nokk-
uð á teiknaðar myndir af hinni

miklu dómkirkju sem stóð í
Skálholti fyrir nokkrum öld-
um. En eftir því sem nær dreg-
ur er eins og hús þetta við
Mjóafjörðinn minnki, þver-
öfugt við það sem venjulegt
eða eðlilegt má teljast.

Spurður um byggingu þessa
sem stendur rétt við veginn
segir séra Baldur að hún hafi
á sínum tíma verið hunda-
hreinsunarhús sveitarinnar.
Ekki veit hann hvers vegna á
húsinu er eins konar turn við
endann líft og kirkja væri.
„Ég er ekki meistari að þessu
húsi“, segir hann stuttlega.

Samt minnir hann að turn-
inn hafi komið síðar þegar
hundahreinsunarmiðstöðinni
var breytt í eldisstöð fyrir sil-
ungsseiði. Þá hafði hundum
víst fækkað eins og mannfólk-
inu og annað hvort grafnir eða
fluttir burt. „Það er volgra
þarna fyrir ofan veginn.“

Ef til vill var turninn byggð-
ur svo að silungarnir gætu
stokkið sér til dægurstyttingar.

Hér kemur aldrei prestur meir

– Þegar þú lítur yfir farinn
veg hátt í hálfa öld hér við
Djúp: Ertu sáttur?

„Já, ég er sáttur. Mér líkaði
hér ákaflega vel allt frá upp-
hafi. Ég var beðinn að sækja
um brauð annars staðar á land-
inu þegar ég var búinn að vera
hér tíu eða fimmtán ár. En það
hélt í mig meðal annars hvað
ég átti góða vini og kunningja
í héraði og ég hreyfði mig
ekki. Ég er sáttur við allt nema
þá helst sjálfan mig, eins og
gengur. Menn vilja jafnan hafa
gert margt öðruvísi og fleira.
Það er gamalt lögmál.“

– Einhver ágreiningur mun
hafa verið um staðinn hér fyrir
fáum árum þegar þú lést af
embætti, ef rétt er munað.

„Já, en það var tómur mis-
skilningur hjá öllum aðilum“,
segir séra Baldur og kveðst
ekki vita annað en hann og
þau hjón geti verið í Vatnsfirði
eins lengi og þeim líkar. „Það
liggur á borðinu að hér kemur
aldrei prestur meir. Og búskap
í landinu er þannig háttáð, að
hann er nánast ekki leyfður,
þó að einhver hefði viljað fara
að hokra hér.“

Þróunin.

„Það væri ekkert vit í því
fyrir neinn að byrja hér búskap
á nýjan leik. Hér hefði allt
dottið niður og húsið staðið
autt. Það eru allir prýðilega
sáttir.“

Ekki skárra að vera fastur við

Ræða okkar fer um víðan
völl eins og jafnan fyrr á liðn-
um áratugum. Séra Baldur er
snöggur og markviss í tilsvör-
um.

– Ertu ennþá eins beittur og
meinfyndinn bráðum hálfátt-
ræður og eins þú ert lands-
þekktur fyrir?

„Ég veit það ekki. Ég er
ekki dómbær á það. Ég gaf
mér þetta ekki sjálfur. Mér
þótti oft heppilegt að afgreiða
hlutina í snarheitum. Ég
nennti oft ekki að hanga í

löngum útlistunum. Ég er til
dæmis lélegur fundamaður.
Þeir hafa tekið eftir því margir
að ég sest alltaf aftast í salinn
á prestastefnum og öðrum
fundum og geng út þegar mér
líkar svo að gera.“

– Þú hefur verið sagður vera
nokkuð laus við á ráðstefnum.

„Já, ég get alveg fallist á
það, ef einhver vill hafa það
svo, að ég hafi stundum verið
laus við. Ekki er skárra að
vera fastur við. Ekki er skárra
að hafa sig alls ekki heim aft-
ur. En það hefur alltaf verið
háttur sveitaprestsins að nota
ferðina á prestastefnu til ým-
issa útréttinga. Vera ekki að
gera sérstaka ferð í aðra
landsfjórðunga eftir nál og
tvinna.“

Þakkir frá sóknarbörnun

Í stofunni í Vatnsfirði er
margt blóma. Séra Baldri hafa
löngum verið hin andlegu
málefnin tamari en veraldleg
umsvif og því er hann spurður
hvernig fari eiginlega með
vökvun blómanna þegar Ólaf-
ía kona hans er fjarverandi.
Hann viðurkennir undan-
bragðalaust að góðir grannar
komi og vökvi blómin eftir
þörfum.

Ekki leynir sér að séra
Baldri þykir heldur vænt um
þakarskjöl sem hann hefur
innrömmuð í stofu. Eitt hljóð-
ar svo:

*Séra Baldur Vilhelmsson
prófastur. Við þökkum þér af
hjartans einlægni samstarf,
leik og líf sem við höfum átt
með þér hér í sókninni í hart-
nær 43 ár. Við óskum þér og
konu þinni alls hins besta og
að þið eigið fagurt og friðsælt
ævikvöld. Sóknarborn Unaðs-
dalssóknar.*

„Sóknarbörnin mín hér
mörg hver eða öll héldu okkur
hóf inni í Reykjanesi. Ég held
að sóknarbörnin í Unaðsdals-
sókn hafi afhent okkur þetta
þá. Snæfjallaströndin var allt-
af mjög sérstök. Þar var fá-
mennt strax eða mjög fljótlega
eftir að ég kom í Vatnsfjörð.
Reyndar var Ströndin fjöl-
byggð í gamla daga. Ferða-
lagið yfir Kaldalónið við upp-
haf míns prestsskapar var þess
eðlis að ég er ekki viss um að
allir færu það nú í dag.“

Annað skjal í stofu er
svohljóðandi:

*Séra Baldur Vilhelmsson,
prestur og prófastur, Vatns-
firði, og frú Ólafía Salvass-
dóttir. Þökkum störf ykkar í
Vatnsfjarðarprestakalli frá
1956. Með vinarkveðju. Sókn-
arbörn við Djúp.*

„Allar sóknarnefndirnar
stöðu að þessu skjali. Þeir
komu með þetta, allir for-
mennirnir“, segir séra Baldur.
Gamli presturinn í Vatns-
firði fylgir gestum til dyra.
Enn skín sólin glatt en þó er
eins og einhver grámi sé að
færast yfir. Skammt frá íbúð-
arhúsinu er gamalt slóðaherfi
í grasinu og verður ekki notað
framar.

Þróunin.

– Hlynur Þór Magnússon.

Ríkisstjórnirnar fylgja stríðsherrunum en þjóðirnar gera það ekki

– rætt við Herdísí Hübner, kennara á Ísafirði og dóttur hermanna í seinni heimsstyrjöld, um stríðið í Írak og stöðu friðarhreyfinga

Stríð geisar nú í austur í Írak. Að þessu sinni virðast stríðsátök að sumu leyti vera nær okkur en nokkru sinni í meira en hálfa öld. Heimurinn er að smækka í þeim skilningi að öll samskipti, samgöngur og miðlun upplýsinga eru greiðari en nokkru sinni fyrr. Þegar stríð var háð í Írak á árunum 1990 til 1991 gafst Íslendingum kostur á að fylgjast með atburðarásinni í beinum útsendingum Sky og CNN.

Núna getum við auk þess sótt nýjustu upplýsingar af gangi mála á Netið, ýmist frá vestrænum fréttamiðlum eða frá t.d. arabísku sjónvarpsstöðinni Al Jazeera með hjálp rafræna þýðingartóla. Ekki er einungis hægt að velja úr rituðum fréttum heldur má skoða myndasýrur og myndbönd eða ræða við Jóna og Gunnur úti í heimi á spjallþráðum.

Margt má segja um átökin í Írak út frá flóknu mynstri alþjóðastjórn mála, hagsmunum einstakra ríkja, baráttunni um yfirráð yfir olíulindum heimsins, stjórnarháttum Saddams Hússeins og þeirri ógn sem stafar almennt af geðfírrum leiðtogum þjóða. Átakalínur kalda stríðsins eru útmáðar. Almennir virðist ekki taka afstöðu til þessa nýja stríðs á grunni þeirrar skörpu heimsmyndar er var að mást út síðast þegar við fylgdumst í beinni með stríði í Írak. Margir finna til hryggðar eða reiði yfir ástandinu og trúa ekki á stríðið sem vænlega lausn, í það minnsta ekki þá vænlegustu. Margir hafa látið tilfinningar sínar og skoðanir í ljós í opinberum mótæmum.

Erfitt er að henda reiður á grasrótarstarfi friðarsinna. Blandað leitaði því til Herdísar Hübner, grunnskólakennara á Ísafirði, sem hefur lengi verið á móti þátttöku Íslendinga í slíkum aðgerðum. Hún ræðir það ófriðarbál sem nú geisar og friðarhreyfinguna sem vex og dafnar í kjölfarið.

Dóttir hermanna

„Ég er auðvitað enginn friðarpostuli öðrum fremur. Ég hef hins vegar alltaf hugsað mikið um það hversu hræðilegar ógnir verða í styrjöldum, enda er ég dóttir hermanna sem barðist í síðari heimsstyrjöldinni. Faðir minn var sendur út í heim 17 ára gamall til að berjast

fyrir vandan málstað og ég hugsaði mikið um það þegar ég var barn. Nú á ég syni á þeim aldri sem væru fallbyssufóður í öðrum löndum og óhjákvæmilega setur maður sig í spor foreldra hermanna – eða barna þeirra. Samúðin hlýtur þó að vera sterkust með óbreyttum borgurum sem verða fórnarlömb stríðsátaka. Mér hefur alltaf fundist þetta hræðileg aðferð við að fá sínu framgengt, hvort sem málstaðurinn er góður eða vondur.“

– Nú sjáum við andstöðu við stríð spretta upp um allan heim. Getur verið að afstaða til stríðsins gangi þvert á þessar gömlu kaldastríðslínur? Til að mynda eru ekki öll Nato ríkin fylgjandi þessum aðgerðum.

„Mér sýnist stjórnvöld vera föst í kalda stríðinu ennþá og vilja fylgja Bandaríkjamönnum, sama hvað þeim dettur í hug að gera. Ef Bandaríkin eru svona mikil vinabjóð Íslendinga, þá ættum við þess heldur að segja þeim til syndanna í þessu máli. Vinur er sá er til vammis segir. Ég held að fólk almennt hugsi ekki svona og það er sorglegt, að stjórnvöld skuli böðlast yfir greinilegan vilja þorra fólks á Íslandi með því að lýsa stuðningi við stríðið, og þó á Ísland að heita lýðræðisríki.“

– Þessi mótmæli virðast fara fram um allan heim. Vestfirðir eru þar ekkert undanskildir, eða hvað?

„Mótmælin fara fram um allan heim. Við getum til dæmis séð á Netinu myndir af fólki sem var að mótmæla á á kertaljósasamkomum um allan heim, eins og við gerðum á Silfurtorgi um daginn, og maður finnur mjög sterka samstöðu. Ég var svolítið stolt af því þegar við höldum fyrsta mótmælafundinn í Edinborgarhúsinu og það var talað um að sams konar fundir færu fram allt frá Suðurskautslöndinu til Ísafjarðar. Þátttaka Íslendinga í slíkum aðgerðum. Hún ræðir það ófriðarbál sem nú geisar og friðarhreyfinguna sem vex og dafnar í kjölfarið.“

Skoðanir okkar skipta máli

– Förum við jafnvel að taka upp herstöðvarmálin aftur, Ísland úr Nató og herinn burt?

„Það hefur þótt svolítið þúko upp á síðkastið en ég held að við hljótum að fara að hugsa það mál upp á nýtt.

Mér hefur alltaf þótt það góður málstaður að huga að og ég vildi óska þess að þetta yrði ofarlega á baugi aftur. Ég held að vera okkar í Nató valdi því að við drögumst aftur og aftur inn í styrjaldrátök með beinum eða óbeinum hætti. Margt bendir til þess að Bandaríkjamenn vilji sjálfir fara héðan með herinn og ég vona að þeir geri það. Farið hefur fé betra. Ég vona bara að stjórnvöld fari ekki að ganga vælandi á eftir þeim.“

– Það viðhorf hefur viljað loða við, að friðarsinnar á Íslandi séu bara gömul kommakerti úr Keflavíkurgöngum. Er þetta eitthvað að brotna upp eða breytast?

„Já, það þykir víst ekki smart í dag að vera kommakerti. En ef fólk hugsar þetta burtséð frá öllum kommúnisma og öllu kaldastríðstali, þá eru Íslendingar almennt mjög friðarsinnar. Og ég skil ekki hvernig það getur samrýmt hugsunarhætti upplýsttra nútímamanna að taka þátt í hernaðarsamtökum eins og Nató. Það er tímaskekkja. Mér dettur í hug, að ef herstöðvandstæðingar skiptu um nafn og kölluðu sig til dæmis friðarsamtök, þá fengu þeir mikinn fjölda fólks í lið með sér jafnvel þótt stefnuskráin væri óbreytt.“

– Oft og jafnvel iðulega stöndum við frammi fyrir því að friði er ógnað. Eitthvert vald hlýtur að þurfa til að grípa þar inn í eða til að verjast. Getum við staðið fyrir utan línur hernaðarbandalaga?

„Ég held að við getum alveg eins staðið utan við slík bandalög eins og Svíar eða Svisslendingar og ýmsar aðrar þjóðir sem greinilega geta það. Ég held að besta vörnin fyrir okkur væri sú að standa hér vopnlaus og friðsöm. Vera okkar í Nató og herstöðin í Keflavík eru í rauninni einu hugsanlegu ástæðurnar fyrir því að einhverjum gæti dottið í hug að ráðast á okkur.“

– Skiptir álit okkar hérna á Íslandi einhverju máli í þessum stóru og flóknu máli?

„Já, auðvitað skipta okkar skoðanir máli þótt við séum lítill þjóð. Samvisku okkar og sjálfsvirðingar vegna verðum við að standa fyrir því sem okkur finnst vera rétt. Okkar álit hlýtur að hafa sama gildi og hvern annara. Þess vegna verður okkar rödd að heyrast.“

Ofbeldið má ekki beinast gegn saklausu fólki

– Erum við að upplífa ein-



hver vatnaskil í viðhorfum vestrænna þjóða? Nú hafa meðal annarra Norðmenn lagst gegn hernaðinum.

„Já, og til dæmis Frakkar og Þjóðverjar. Maður vonar að þetta sé upphafið að einhverju meiru og að þessar hugmyndir muni breiðast út meðal stjórnvalda í heiminum. Ég held að í mörgum löndum sé almenningur kominn lengra en stjórnvöld. Ef maður horfir til dæmis til Spánverja, þá er ríkisstjórnin þar fylgjandi stríðinu eins og hjá okkur en þjóðin ekki. Það sama má segja um Dani og fleiri þjóðir. Ríkisstjórnirnar fylgja stríðsherrunum af einhverjum ástæðum en þjóðirnar á bak við þær gera það ekki. Slíkir stjórnmalamenn hljóta að þurfa að hugsa sinn gang og verða væntanlega ekki kosnir aftur. Menn þurfa að hafa þetta í huga þegar þeir bjóða sig fram. Stjórnmalamenn starfa í umboði almennings og mega ekki brjóta þvert gegn vilja hans.“

– En í þessu Íraksmáli eins og í ýmsum öðrum – þurfum við í ljósi sögunnar ekki að geta sýnt hörku? Samanber friðþægingu Chamberlains þegar hann samdi við Hitler um „frið um vora daga“? Það virðast alltaf annað slagid komast voðamenni til valda.

„Það verður þá að eiga við þá sem einstaklinga, ekki ráðast á þjóðina þeirra. Íraska þjóðin er búin að líða nóg fyrir brjálæðinginn Saddam Hússein þó hún þurfi ekki að þola þessar skelfilegu loftárásir frá Vesturlöndum í ofanálag. Ég held að það verði að finna aðrar leiðir til að tjónka við svona brjálæðinga. Svo er

líka spurning hver á að dæma um það hver er voðamenni og hver ekki. Ég held að Vesturlandabúar séu ekki endilega sjálfsagðir í það dómarasæti, að minnsta kosti ekki einstakrar þjóðir eins og gerist núna.“

– Hvaða leiðir myndir þú vilja sjá farnar í slíkum málum?

„Ég sé ekki betri leið en með alþjóðasamstarfi eins og Sameinuðu þjóðunum. Þótt þær séu seinvirkar og veikar um þessar mundir, þá höfum við ekkert betra. Það þyrfti að styrkja þær og efla og gera þær snarari í snúningum. En ef ofbeldi er óhjákvæmilegt verður það að minnsta kosti að beinast gegn þeim sem eiga sökina en ekki gegn saklausu fólki.“

Styrkur að vita af samherjum um allan heim

– Ert þú búin að fara og mótmæla þessu stríði formlega?

„Já, hér spratt upp grasrótarhreyfing friðarsinna á Ísafirði og við höldum mótmælafund í Edinborgarhúsinu, sem var mjög vel sóttur, og svo vorum við með ljósasamkomu á Silfurtorgi. Síðastliðinn laugardag var haldinn fundur sem átti að vera á Silfurtorgi en var færður í Edinborgarhúsið vegna veðurs. Eins hef ég tekið þátt í mótmælum á Netinu – maður gerir það sem maður getur.“

– Er Netið orðið virkur vettvangur í þessum skoðanskiptum?

„Já, það eru mjög virkar friðarhreyfingar út í heimi sem eru duglegar að hafa samband

og hvetja fólk áfram.“

– Getur verið að við séum að sjá á einhvern hátt breytta heimsmynd með tilkomu þessarar nýju tækni?

„Heimurinn er orðinn svo lítill. Við sjáum þessi voðaverk í beinni útsendingu og samskiptin eru orðin svo fljótvirk. Þannig er heimsmyndin allt önnur en hún var. Þegar Vítamstríðið geisaði var talað um að það væri í fyrsta skiptið sem fólk sá stríð heima í stofu í sjónvarpinu. Nú með tilkomu Netsins tengist fólk um allan heiminn og maður finnur fyrir því. Ef við fyndum fyrir því hérna á Ísafirði að við værum bara örfáar hræður að mótmæla, þá myndi maður upplífa sig svo máttlausan að maður gæfist bara upp. En það er virkilega mikill styrkur að finna að við erum hluti af milljónum mótmælenda í öllum löndum heims.“

Herdís og hennar samherjar vestra og um allan heim halda áfram að standa vaktina. Öll fylgjumst við með því sem er að gerast í sjónvarpsfréttunum, í blöðunum eða á Netinu. Sjálf-sagt verður friðar um vora daga beðið lengi enn. Ef hann næst þá nokkurn tíma.

En þau milliliðalausu samskipti sem almenningur um allan heim hefur með sér, að minnsta kosti þeir sem hafa efnahagslega burði til að hafa aðgang að Netinu, á sér ekki fordæmi í sögunni. Ef þau fá að halda áfram óáreitt, má kannski eygja þar nýja von fyrir hugsjónina um heimsfrið?

Vestfirðingum borin vel sagan

Þátturinn sem tekinn var upp á Vestfjörðum fyrir bandarísku sjónvarpsþáttaröðina Global Extremes í febrúar var sýndur vestra í síðustu viku. Í þáttunum sem eru framleiddir af sjónvarpsstöðinni Outdoor Life Network hófu 50 fullhugar keppni með útláttarfyrikomulagi í ýmsum þrautum víða um heim.

Eftir stóðu tíu kappar af báðum kynjum þegar leikurinn barst til Vestfjarða og leystu þáttakendur ýmsar þrautir og verkefni í vestfirskri náttúru og samfélagi. Þar má nefna fjallaklífur, skíðamennsku, beitningu og bústörf. Þórður Pálsson, flugvirki hjá flugfélaginu Delta í Atlanta í Georgíu, sem búið hefur í Bandaríkjunum um árabíl segir ljóst að þátturinn sé mjög góð auglýsing fyrir svæðið. „Ég get ekki ímyndað mér

annað en þetta gefi gott orð. Mér fannst alveg meiriháttar hvað Vestfirðingar fengu góða umsögn í þættinum, bæði fyrir gestrisni og eins fyrir það hvernig lífsandinn á Vestfjörðum er frábregður inn því sem er hér og hvernig fólk virðist njóta lífsins betur. Ég var alveg ofslaega spenntur yfir þessu og sérstaklega kom mér á óvart hvað allir voru vel talandi á ensku“, segir Þórður.

Þátturinn sem er klukkustundar langur verður endurfluttur ytra á næstunni og á því eftir að vekja enn meiri athygli. „Þessi þáttur er töluvert útbreiddur og ég veit að fólk sem er í útivist horfir mikið á hann. Þetta var hreint út sagt með ólíkindum og ég er mjög stoltur að eiga einhverjar rætur til þessa fólks. Ég ætla að vona að þetta verði sýnt heima“, sagði Þórður.

Átak í mjólkuriðnaði

Ráðist verður í nýbyggingar fjósa á nokkrum bæjum

„Átak um að verja framleiðslu og vinnslu mjólkur á norðanverðum Vestfjörðum“, sem stjórn Mjólkursamlags Ísfirðinga stofnaði til í janúar fyrir rúmu ári, er verkefni sem hillir undir að beri árangur í vor. Þá munu hefjast framkvæmdir við nýbyggingar fjósa á þremur bæjum á samlagssvæðinu og líklegt er að ráðist verði í fjósbyggingar á tveimur bæjum til viðbótar að ári.

Þetta kom fram á aðalfundi Mjólkursamlags Ísfirðinga fyrir skömmu. Að mati stjórnar samlagsins er þar með náð miklum áfanga við að tryggja samlaginu hráefni og neytendum öryggi með dagvöru og jafnframt að verja störfin sem mjólkurframleiðslan skapar í byggðarlaginu. Ísafjarðarbær er aðili að þessu verkefni og hefur afráðið að leggja því lið með lánsfé.

Áframeldi á þorski

Framtíðaratvinnugrein á Vestfjörðum?

Hægt er að sækja um aflaheimildir til áframeldis á þorski til AVS rannsóknarsjóðs, sem starfar á vegum sjávarútvegsráðuneytisins. Aflaheimildirnar eru ætlaðar þeim sem vilja stunda rannsóknir og kanna möguleika á áframeldi á þorski. Sjávarútvegsráðherra hefur til umráða sérstakar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski sem skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi.

Ljóst er að aðilar á Vestfjörðum munu sækja aflaheimildir til sjóðsins enda

er lítið til þorskeldis sem eins af framtíðar atvinnuvegum Vestfirðinga. Langstærstur hluti þess eldisþorsks sem slátrað hefur verið á landinu er úr kvíum á Vestfjörðum.

Þingmenn Vestfirðinga hafa flutt tillögur um að miðstöð atferlis- og eldisrannsóknna á þorski verði á Vestfjörðum. Nú nýverið var Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. útnefnt frumkvöðull ársins 2002 í Ísafjarðarbæ, meðal annars fyrir frumkvöðulsstarf sitt á sviði þorskeldis.



Frá fundinum í Finnabæ í Bolungarvík.

Opinn fundur um sjávarútvegsmál haldinn í Bolungarvík

Línuveiðarnar eitt helsta umræðuefnið

Nær fimmtíu manns sátu almennan fund um sjávarútvegsmál sem þrír vestfirskir frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins í hinu nýja Norðvesturkjördæmi gengust fyrir í Finnabæ í Bolungarvík á laugardag. Framsögumenn voru þingmennirnir Einar K. Guðfinnsson og Einar Oddur Kristjánsson og Birna Lárúsdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, og svöruðu þau jafnframt fyrirspurnum.

Eins og vænta mátti var ekki síst rætt um tillögu Guðmundar Halldórssonar í Bolungarvík, formanns Smábátafélagsins Eldingar á norðanverðum Vestfjörðum, sem samþykkt var á nýafstöðnum Landsfundis Sjálfstæðisflokksins. Fá byggðarlög á landinu eiga eins mikið undir línuveiðum og Bolungarvík.

Tillagan felur í sér að tekin verði upp sérstök ívilnun til dagróðrabáta sem róa með línu. Ekki liggur enn fyrir hvernig hún verður útfærð. Eins og kunnugt er hefur Smábátafélagið Elding lagt til 20% kvótaívilnun til línubátanna.

Einar K. Guðfinnsson fór meðal annars yfir forsögu kvótasetningar ýsu, steinbíts og ufsa hjá smábátum. Hann minnti á, að stjórnarandstaðan hefði á sínum tíma ekki verið fylgjandi frestun gildistöku þeirrar kvótasetningar. Á fundinum kynnti Einar Kristinn útreikninga sem Baldur Smári Einarsson, viðskiptafræðingur í Bolungarvík, hefur gert á áhrifum þess á afla í

Bolungarvík, að svokölluð línuívilnun verði tekin upp.

„Þetta var geysilega öflugur og góður fundur og vel sóttur, ekki síst í ljósi þess að við höldum hann á sama tíma og bein útsending var frá leik Manchester United og Liverpool. Það sem auðvitað stóð upp úr var áhugi manna á þeirri stefnu Sjálfstæðisflokksins að taka upp línuívilnun. Okkur er það öllum ljóst að það mun styrkja gríðarlega stöðu byggðanna og festa veiðiréttinn betur við byggðirnar en áður. Það er að mínnum dómi stóri áfanginn sem við náðum á Landsfundinum okkar.“

Tvennt bar hæst í máli Einar Odds Kristjánssonar. Annars vegar frelsi vísindanna, en hann hefur löngum gagnrýnt

Hafrannsóknastofnun og barist fyrir því að hafrannsóknir séu ekki á hendi einnar stofnunar. Hann vill að aðrir vísindamenn og fleiri aðilar en þeir sem tengjast Hafró geti stundað rannsóknir á fiskimiðum Íslendinga. Í öðru lagi vill Einar Oddur að menn umgangist náttúruna undir hafsbörðinu af sömu virðingu og landið sjálft. Hann kvaðst undrast að þeir sem berjast fyrir verndun hálendis Íslands skuli láta sig litlu varða um gengnina um hafsvæðin, sem fæða og klæða íslensku þjóðina.

Birna Lárúsdóttir nálgadist umræðuefnið einkum frá sjónarmiði sveitarstjórnarmannsins og ræddi þá möguleika sem hún telur norðursvæði Vestfjarða eiga til fram-

tíðar. Hún segir að menn verði að þora að ræða hugmyndina um skilgreindan byggðakjarna kringum Ísafjarðarsvæðið og lagði á það áherslu, að þar væri ekki um Ísafjörð einan að ræða.

Þannig nefndi hún baráttuna fyrir því að á Ísafirði verði sett á stofn háskólasetur, sem meðal annars gæti orðið miðstöð þorskeldisrannsókna og veiðarfararannsóknna í landinu. Birna sagði kjörið fyrir slíkt setur að eiga samstarf við stofnanir á borð við Náttúrufestu Vestfjarða og Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, sem báðar hafa aðsetur í Bolungarvík. Þannig yrði skotið styrkari stöðum undir vísindastarfsemi og þar með byggð á svæðinu en ekki aðeins á Ísafirði.



FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

Baráttan fyrir byggðirnar!

Kosningaskrifstofa Frjálslynda flokksins verður opnuð föstudaginn 11. apríl kl. 17 að Aðalstræti 11 Ísafirði.

Frambjóðendur verða á staðnum. Allir velkomnir.

Stefna að fjölgun vísinda- starfa á landsbyggðinni

Dr. Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík, segir að með tilkomu stofnunarinnar hafi störfum í greinum náttúrufræða fjölgað á svæðinu. Nú starfa þar þrír sérfræðingar auk tveggja aðstoðarmanna. Þorleifur er stjórnar- maður í Samtökum náttúrustofa (SNS) en á aðalfundi samtakanna sl. föstudag settu þau sér það markmið að fjölga störfum í náttúruvísindum á landsbyggðinni. Þorleifur segir náttúruna vera um allt land og því sé engin nauðsyn til þess að rannsóknir í greininni fari að mestu fram á Reykjavíkursvæðinu.

„Náttúrustofurnar eru litlar stofnanir en við höfum sett okkur að vinna náið saman og deila með okkur fólki og

verkefnum til að vinna á van- köntum sem því fylgir. Þannig getum við tekið að okkur fleiri og stærri verkefni“, segir Þorleifur.

Náttúrustofa Vestfjarða fær árlegt 10 milljóna króna fram- lag frá ríki og sveitarfélögum en auki hefur hún tekjur af útseldum verkefnum. „Áður en stofnunin var sett á lagir- nar voru engar náttúrufræði- rannsóknir stundaðar á svæðinu. Ef ungumenni ákvað að læra t.d. líffræði var það nán- ast að dæma sig úr leik að starfa á landsbyggðinni. Von- andi tekst okkur að breyta þessu. Verkefnin eru næg allt í kringum okkur og engin ástæða til að rannsóknarleid- angrar frá Reykjavík vinni þau. Enda er farið að gera auknar kröfur um rannsóknir

á sviði náttúruvísinda og verk- efnin að aukast, meðal annars vegna nýrra krafna frá ESB. Þessi starfsemi getur því auk- ist verulega á landsbyggðinni án þess að verið sé að taka atvinnu af fólki á höfuðborg- arsæðinu“, segir Þorleifur.

Samstarf milli landshluta er mikið og segir Þorleifur að ekkert sé því til fyrirstöðu að stunda rannsóknir á öllum sviðum náttúrufræða í Bol- ungurvík. Stofnunin hafi t.d. sótt jarðfræðipekkingu til starfsmanna hjá Náttúrustof- unum í Vestmannaeyjum og á Sauðárkróki. Sjálfur vinni hann úr skordýraránsknum fyrir Náttúrustofu Austurlands

en sendi til baka fléttur og önnur gróðursýni þar sem for- stöðumaðurinn eystra sé grasfræðingur. „Fyrir vikið eru þessar litlu stofnanir stórar saman og geta skilað fyrsta flokks vinnu. Nú þegar erum við í stórum samstarfsverk- efnum hér heima og erlendis, sem enginn þessara aðila hefði getað komið inn í einn og sér.“

„Það þýðir ekkert fyrir okkur úti á landi að sitja og bíða. Nú þegar er kominn hjá okkur vísir að þessum geira og við verðum að halda áfram að byggja hann upp í kringum okkur“, sagði dr. Þorleifur Eiríksson.

Íbúð óskast til leigu

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ óskar eftir að taka á leigu góða 4ra herb. íbúð eða einbýlishús fyrir ljósmóður. Leigutími er frá 1. júní nk. til 31. desember. Æskilegt er að möguleiki sé á framhaldsleigu til sumars 2004 gerist þess þörf.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við stofnunina fyrir 17. apríl nk. með upplýs- ingar um verð og fleira sem skiptir máli.

Nánari upplýsingar gefur Pröstur Óskars- son, framkvæmdastjóri (throstur@fsi.is)

Það er ódýrara að vera áskrifandi!

Síminn er 456 4560

Almennur stjórnmálafundur Vinstri grænna á Ísafirði

Segir kerfið stefna að flutningi útgerðarinnar á suðvesturhornið

Árni Steinar Jóhannsson, þingmaður Vinstri grænna, segir að núverandi fiskveiði- stjórnumarkerfi stefni að því að færa útgerðina alla á suð- vesturhorn landsins þar sem hún verði á forræði tveggja til þriggja fyrirtækja. Úthlutanir á byggðakvóta á undanförm- um misserum séu tímabundin ráðstöfun aðstandenda kerfis- ins til að draga úr óánægju svo að kerfið megi halda velli meðan tilflutningurinn á sér stað. Þetta kom fram í máli Árna Steinars á opnum fundi



Jón Bjarnason, alþingismaður í ræðustóli á fundinum.

Vinstrihreyfingarinnar-græns byggðamál á Hótel Ísafirði í framboði um sjávarútvegs- og síðustu viku.

Auk Árna Steinars höfðu framsögu Jón Bjarnason al- þingismaður og Lilja Rafney Magnúsdóttir á Suðureyri, sem skipar þriðja sæti listans í Norðvesturkjördæmi. Árni Steinar kynnti fyrningarleið Vinstri grænna, sem miðar að því að núverandi kvótaeig- endur láti varanlegar afla- heimildir af hendi á tuttugu ára tímabili. Þriðjungur end- urúthlutaðra veiðiheimilda verði á forræði byggðana í landinu, þriðjungur komi til leigu á almennum markaði og núverandi kvótaeigendum verði gefinn kostur á að taka þriðjung aflaheimildanna á leigu til sex ára í senn.

Líflegar umræður voru á fundinum þar sem sjávarút- vega- og samgöngumál voru ofarlega á baugi. Fram kom í máli marga fundarmanna nauðsyn þess að íbúar lands- byggðarinnar sýndu samstöðu í kröfugerð sinni til ríkisvalds- ins. Sundrung meðal þeirra gæti orðið til þess að drepa nauðsynlegum framfaramál- um á dreif.

Íbúð til sölu!

Til sölu er 4ra herbergja íbúð á 3. hæð að Stór- holti 7. Íbúðin er 117m² í góðu ástandi. Mjög fallegt útsýni. Upplýsingar í sínum 456 4643 og 899 0743.



Kirkjubæjarklaustur

Ísafjarðarsókn auglýsir laust starf kirkju- varðar. Starfið felst í umsjón með kirkju- gördum, kirkju og safnaðarheimili ásamt þátttöku í kirkjulegum athöfnum og safnað- arstarfi. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1. júní nk.

Umsóknir skulu hafa borist sóknarnefnd Ísafjarðarkirkju, pósthólf nr. 18, 400 Ísafirði, fyrir 1. maí nk. Upplýsingar veita Jens Kristmannsson, formaður sóknarnefndar og sr. Magnús Erlingsson, sóknarprestur.

STAKKUR SKRIFAR

Smábátaútgerðin ehf.

Glöggir lesendur blaðs allrar þjóðarinnar, sem nú er komið á netið í heild sinni, Lögbirtingablaðsins, hafa tekið eftir því að undanförmu, að hvert einka- hlutfélagið á fætur öðru hefur verið stofnað í Bolungarvík. Tilgangur þeirra flestra ef ekki allra er að reka útgerð og fiskvinnslu. Það er ánægjulegt að sjá þann kraft, dugnað og áráði sem birtist með þessum hætti. Atvinnulíf í Bol- ungurvík hefur um langt skeið verið í fjötrum og nægir að minna á gríðarlegt gjaldþrot Nasco hf. sem tapaði nærri 700 milljónum króna á starfseminni þar einni saman og nærri milljarði þegar allt er talið. Eðlilega vakna spurningar um það hvers vegna svo hafi farið. Bolungarvík var fyrir tveimur áratugum fyrirmynd annarra útgerðarbæja með nærri 1300 íbúum og blómlegu atvinnulífi, en nú sér þu íbúarnir um 950 og umsvifin snöggum minni. Að auki hefur sveitarfélagið tapað miklum fjármunum, sem það hefur látið í atvinnulíf í þeirri frómu trú, að það myndi gagnast íbúunum. Sú varð ekki raunin, því miður.

Ef til vill er það ein sönnunin enn að sveitarfélög eiga ekki að hafa það hlut- verk að vasast í atvinnurekstri, en sú hefur verið trú alltof margra stjórnmála- manna og er enn draugur í stefnu sumra stjórnmálafla á Íslandi. Sá kraftur sem kemur fram hjá mönnum eins og Guðmundi Einarssyni og fleirum, að nýta sér það svigrúm sem stjórkerfi fiskveiða heimilar, er ómetanlegur og á eftir að reynast Bolungarvík og fleiri vestfirskum byggðum betur en að rífa niður kerfið. Saga Guðmundar er eftirtektarverð. Komnir eru þrír nýir bátar til

Bolungarvíkur og einn til Tálknafjarðar, allir af tegundinni Cleopatra og smíðaðir hjá Trefjum hf. í Hafnarfirði. Einhvern tímann hefði þótt undarlegt að byggja fiskveiðar nánast eingöngu á plastbátum. En svona er nútíminn í upphafi 21. aldarinnar.

En sagan er ekki öll sögð, því enn eru fjórir bátar á leiðinni til Bolungarvíkur og það er sérstakt ánægjufni að um er að ræða stærri báta en notaðir hafa verið áður og aðstaða þeirra sem sækja sjóinn batnar stórkostlega við þessa breytingu. Saga Guðmundar Einarssonar verðskuldar athygli langt út fyrir Vestfirði. Hann hefur unnið sér titilinn aflakóngur með réttu og heldur ótraudur áfram innan þess ramma sem honum er fært. Fleiri fylgja í kjölfarið í fyllstu merkingu þess orðs. Einn þeirra er Falur Þorkelsson, sem rekur út- gerðarfélagið Huldu Kela í félagi við bróður sinn Guðna. Það er sláandi að heyra hvað Falur hefur að segja um aðstaður smábátaútgerðar Íslandi í BB í síðustu viku: „Það er allavega verið að stækka bátana en það þorir enginn að auka við sig kvótann eins og umræðan er í dag. Menn leggja ekki í að stofna til skulda út af veiðiheimildunum.“ Stjórnmálamenn ættu að leggja við hlust- ir áður en þeir yfirbjóða hver annan með hugmyndum um umbyltingu stjórn- kerfis fiskveiða. Því má ekki breyta án samráðs við forsvarsmenn smábátaút- gerðar, sem sýna kraft og dugnað, en telja sig fjötraða af hugmyndum um breytingar í því skyni að bjóða öðrum stjórnmálaflokkum betur. Það er svo, að einstaklingar í atvinnulífi vita oftast betur en pólitíkusar. Svo einfalt er það.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í *Bæjarins besta* í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum *Stakks* á meðan hann notar dulnefni sitt.



SMS Leikur

**Fyrsti
vinningur**



Flugferð

með Flugfélagi Íslands
milli Ísafjarðar og Reykjavíkur - báðar leiðir!



Sendu SMS skýtið „Leikur IF“
á 1415 (Tal og Íslandssími), 1848 (Síminn)



**Aðrir
vinningar eru:**

100 x
MYNDABANDSPÓLI
FRA HAMRABORG

100 x
10" PIZZA MEÐ 2 ALEGGJÓGUÐUM
MEY 2 FYRIR 1 Í DAL HVA PIZZA 10"

30 x
DAGSKIFT &
SARABYRÐI ÍSFRONDA

30 x
HÉTTUR DAGSINS MEÐ
MEY 2 FYRIR 1 HVA THAI KOON

10+10 x
5 TÍMA KORT Í LÖÐ OG 5 TÍMA KORT
Í GJAFVÆNT HVA STUDIO GAB

15 x
AÐGÓÐURHÁR & SÖNGLÆSI
Í DRYFARLÖU LL OG T

10 x
HÉTTUR DAGSINS EBA AÐVIRÐI
HVA HVA DAG VESTINGUR

ION
HVA HVA MEY 2 OG 2 TÍMA KORT
Í GJAFVÆNT HVA HVA HVA HVA
HVA HVA HVA HVA HVA HVA HVA
HVA HVA HVA HVA HVA HVA HVA
HVA HVA HVA HVA HVA HVA HVA




HAMRABORG EHF.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

— fyrir fjölkjörning og fjölkjör



ÍSAFJARÐARBÆR



Hlíðarskóli

STUDIO DAN



99
KJ. SMS

20. hvert skilaboð fær vinning!

helgargagnbólkin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

smáar

Til sölu er Toyota Corolla árg. 1998, station, 5 dyra, ekinn 90 þús. km. Sumar- og vetrar-dekk og dráttarkrókur fylgja. Asett verð kr. 750 þús. Skipti hugsanleg á öðyrari bíl. Uppl. í síma 892 1688.

Mig vantar viðbót af Mandarin Classic þrjónagami, rauður litur nr. 42.10 og framleiðslunúmer 1039. Ef þú átt afgang til að selja mér, hringdu þá í síma 456 4039 eða 848 2083. Stína Odds.

Munið eftir félagsvistinni í félagshúsi UMFB, Hrafnakletti að Kirkjuvegi 1 í Bolungarvík, föstudaginn 11. apríl kl. 20:30. Allir velkomnir.

Til sölu er 127m² einbýlishús með kjallara og bílskúr í Hnifsdal. Agætlega stór og ræktaður garður. Mjög hentugur staður fyrir fólk með börn. Tilboð óskast. Uppl. í síma 456 3626.

Til sölu er 4ra herb. íbúð á 3. hæð að Stórholti 7. Íbúðin er 117m² í góðu ástandi. Mjög fallegt útsýni. Uppl. í sínum 456 4643 og 899 0743.

Til sölu er Coleman Cheyenne fellihsý með ýmsum aukabúnaði. Uppl. í síma 892 4844.

Til sölu er Hyundai Starex H1, dísel, 4Wd, árg. 2000, ekinn 57 þús. km., 7 manna. Uppl. í síma 892 7842.

Óska eftir tvíbreiðum svefnsófa. Uppl. í sínum 456 7549 eða 868 6918.

Óska eftir litilli íbúð á leigu í Bolungarvík. Upplýsingar í síma 894 8243.

Til sölu er Toyota þrjónavél. Selst ódyrt. Uppl. í sínum 456 7270 eða 456 7160.

Til sölu er ný kamína. Verð kr. 25 þús. Uppl. í síma 456 3803 á kvöldin.

Til sölu er Eagle Talon, 4x4, árg. 95, ekinn 110 þús. km. Uppl. í síma 861 8441.

Reyklaus kona með tvö börn óskar eftir 4ra herb. íbúð eða húsi til leigu á Ísafirði frá og með byrjun júní. Öruggar greiðslur. Uppl. gefur Ásgerður í síma 893 4857 og 462 4857.

Óska eftir sófasetti, gefins eða fyrir litinn pening. Á sama stað fæst gefins ungubarnabílstóll fyrir 0-9 mána. Einnig er til sölu litíð notaður Chicco bílstóll fyrir 14 kg. barn. Uppl. í sínum 456 4645 eða 897 8579.

Herbergi óskast til leigu. Uppl. í síma 896 6880.

Til sölu er sjónvarpsskápur, þvottavél og barnavagnar. Uppl. í síma 849 8719.

Óska eftir íbúð á leigu fyrir 1. maí. Þarf helst að vera 4 herb. Uppl. í síma 561 1780.

Til sölu er Skoda Felicia árg. 98 ekinn 45 þús. km. Uppl. í sínum 456 4469 og 892 2578.

Húsnæði óskast til leigu á eyrinni á Ísafirði frá og með 3. maí. Þarf að vera 3ja eða 4ra herb. Öruggur greiðslum heitið. Uppl. í síma 697 4042.

Óska eftir 14-15" sumardekkjum. Uppl. í síma 864 1341.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 11. apríl

16.35 At
17.05 Leiðarljós
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þekkóla (13:26)
18.30 Einn sinni var...
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið
20.10 Guðfrí fer í skóla. (An Extremely Goofy Movie) Teiknimynd frá 2000. Guðfrí missir vinnuna og sest á skólabekk með Max syni sínum honum til mikillar hrellingar.
21.30 Af fingrum fram. Jón Ólafsson spjallar við tónlistarmenn og bregður upp svipmyndum frá ferli þeirra. Gestur Jóns í þessum þætti er Rúnar Júlíusson.
22.15 Landsmót á skíðum
22.30 Evita. Bíómynd frá 1996 byggð á söngleik eftir Andrew Lloyd Webber og Tim Rice um alþýðustúlkuna Evu Duarte sem varð eiginkona Juans Peróns forseta og þjóðhetja í Argentínu. Aðalhlutverk: Madonna, Antonio Banderas, Jonathan Pryce og Jimmy Nail.
00.40 Rebus. (Rebus: Mortal Causes) Skosk sakamálamynd þar sem rannsóknarlöggán John Rebus í Edinborg fæst við erfið mál. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. e. Aðalhlutverk: John Hannah, Sara Stewart, Gayanne Potter, James Cosmo og Michelle Fairley.
02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 12. apríl

09.00 Morgunundin okkar
09.02 Mumi humba (15:65)
09.08 Stjarnan hennar Lára (2:13)
09.30 Engilbert (8:26)
09.38 Alþertína ballerína (11:26)
10.03 Babar (4:65)
10.24 Harry og hrakudýrin (7:8)
10.50 Viltu læra íslensku? (14:22)
11.10 Kastljósið
11.35 At
12.05 Gæmskipið Enterprise
12.50 Músak
13.25 Þýski fótboltinn. Bein útsending frá leik í þýsku úrvalsdeildinni.
15.25 Snjálsmót (7:10)
15.50 Íslandsmót í handbolta. Bein útsending frá leik í undanúrslitum kvenna.
16.35 Táknmálsfréttir
16.45 Íslandsmót í handbolta. Seinni hálfleikur.
17.35 Landsmót á skíðum
18.00 Smart spæjari (26:30)
18.25 Flugvöllurinn (12:16)
18.54 Lottó
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.40 Laugardagskvöld með Gísla
20.25 Spaugstofan
20.50 Dagfinnur dýralæknir. (Dr. Doollittle) Fjölskyldumynd frá 1998. Eftir að Dagfinnur kemst að því að hann skilur dýramál og dýrin flykjust til hans að leita sér lekninga halda sumir að hann sé búinn að glata glömmi. Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Ossie Davis, Oliver Platt, Peter Boyle og Richard Schiff.
22.15 Bráður bani. (One Kill) Spennumynd frá 2000. Fráskilin kona í sjóhernum fer að vera með hátt settum foringja en sambandið tekur óvanta stefnu eftir að hún kemst að því að hann er giftur. Aðalhlutverk: Anne Heche, Sam Shepard, Eric Stoltz og Kate McNeil.
23.45 Taxi 2. Frónsk spennumynd frá 2000. Japónskum sendiherra er rænt í Marseille. Lögregluáðurinn Emilien reynir að bjarga honum og kærustu sinni og nýtur við það aðstoðar ökuþórsins Daniels. Aðalhlutverk: Samy Naceri, Frédéric Diefenthal, Marion Cotillard og Emma Sjöberg. e.
01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Sunnudagur 13. apríl

09.00 Morgunundin okkar
09.01 Disneytundin
09.55 Kobbi (5:13)
10.07 Fagriskógur (7:10)
10.25 Franklin (6:265)
10.50 Spaugstofan
11.20 Laugardagskvöld með Gísla
12.05 Þýski handboltinn. Bein útsending frá úrslitaleik þýsku bikarkeppinnar í handbolta.
14.00 Einelti - Helvíti á jörð. Heimildarmynd um einelti, hvað veldur því, hvaða áhrif það hefur og hvað er hægt að gera til að draga úr því. Rætt er við þekktu sem óþekktu Íslendinga sem tengjast einelti á einn eða annan hátt, fórnarlömb, aðstandendur, sálfræðinga, kennara og margra fleiri.
14.35 Af fingrum fram
15.20 Markaregn
16.05 Íslandsmót í handbolta. Bein útsending frá átta liða úrslitum karla.

16.50 Táknmálsfréttir
17.00 Íslandsmót í handbolta
18.00 Standin okkar
18.30 Drammahesturinn
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljósið - Kosningar 2003
20.40 Nikolaj og Julie (4:8)
21.25 Helgarspótið
21.40 Landsmót á skíðum
21.55 Einnægisherrann. (The Great Dictator) Meistaraverk Chaplins frá 1940 um rakara af gyðingasettum sem er tekinn í misgripum fyrir einægisherrann Adenoid Hynkel. Aðalhlutverk: Charles Chaplin, Jack Oakie, Reginald Gardner, Henry Daniell og Billy Gilbert.
23.35 Kastljósið - Kosningar 2003
00.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 11. apríl

06.58 Ísland í bítíð
09.00 Bold and the Beautiful
09.20 í finu forni
09.35 Oprah Winfrey
10.20 Ísland í bítíð
10.20 Neighbours
12.25 í finu forni
12.40 What about Joan (11:13)
13.00 The Education of Max
13.45 Fugitive (14:22)
14.25 Jag (15:24)
15.15 60 Minutes II
16.00 Smáttíð (10:21)
16.45 Barnatími Stöðvar 2
17.20 Neighbours
17.45 Buffy, the Vampire Slayer
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Friends (15:24)
20.00 Friends (15:24)
20.25 Off Centre (21:21)
20.50 George Lopez (1:26) Bráðskemmtilegur gamannyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínarum George Lopez í aðalhlutverki. Við kynnumst fjörguru heimilisíðali þar sem skrautlegar persónur koma við sögu. Sambúðin hjá hjónunum George og Angie og börnunum þeirra, Carmen og Max, gengur vel en ýmsir heimilisvinir setja gjarnan strík í reikninginn.
21.20 American Idol (13:34)
22.55 O. Nótímaleg útfærsla á Óþelló eftir William Shakespeare. Sagan er látin gerast í bandarískum miðskóla og aðal-söguthegja er körfuboltaþappinn Óðinn. James er hann er eini blökkumaðurinn í skólalumi. Óðin er á föstu með dóttur skólafórnans og allt er í lokkunar velstandi þar til hinn öfundsjúki skólafélagi Hugo Goulding tekur að brugga honum launráð. Aðalhlutverk: Meki Phifer, Josh Harnett, Andrew Keegan, Julia Stiles.
00.25 Loser. (Labi) Rómantísk gamanmynd. Paul Tannek er að hefja nám við háskólann í New York. Hann fær úthlutað að plássu á heimaðvistinni en fellur ekki inn í hópin. Þeir sem ekki hata hann láta eins og hann sé ekki til. Í mótletinu hittir Paul Don Diamond, stúlku sem gengur líka fátt í hagin. Þau vingast og kannski verður það til þess gefan brosi við þeim. Aðalhlutverk: Jason Biggs, Mena Savari, Greg Kinnear.

01.55 The Godfather. (Guðfaðirinn) Guðfaðirinn er einstök stórmynd um átök glæpafjöldskýldna í undirheimum New York borgar. Don Vito Corleone er glæpan af gamla skólunum og vill hvergi koma nærri íknefnaviðskiptum. Tímarinn kalla þá á nýjar gróðaleiðir og ákveða aðrar mafíufjöldskýldur að ryðja honum úr vegi. Þessi ákvörðun reynist mönnum aðfrifaritari en þeir heldu í fyrstu. Myndina þrýðir eitthvert besta leikaralið sem nokkru sinni hefur komið saman í kvikmynd. Aðalhlutverk: Marlon Brando, Al Pacino, James Caan.

04.45 Friends (14:24)
05.05 Friends (15:24)
05.25 Ísland í dag, íþróttir, veður
05.50 Tónlistarmyndbönd

Laugardagur 12. apríl

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 The King and I
11.20 Yu Gi Oh (12:48)
11.40 Bold and the Beautiful
13.20 Alltaf í boltanum
13.45 Enski boltinn
16.10 Viltu vinna milljón?
17.10 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Pootie Tang. Bráðsmellin kvikmynd um nútímahegju Pootie Tang. Börn líta upp til hans, konur dást að honum, allir vilja vingast við Pootie Tang. Hinn illi Dick Lester er í þeim hópi en hann heldur reykingum, áfengisdrykkju og öðrum ósömum að fólk. En nær hann

08.00 Barnatími Stöðvar 2
09.55 The King and I
11.20 Yu Gi Oh (12:48)
11.40 Bold and the Beautiful
13.20 Alltaf í boltanum
13.45 Enski boltinn
16.10 Viltu vinna milljón?
17.10 Sjálfstætt fólk
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Lottó
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Pootie Tang. Bráðsmellin kvikmynd um nútímahegju Pootie Tang. Börn líta upp til hans, konur dást að honum, allir vilja vingast við Pootie Tang. Hinn illi Dick Lester er í þeim hópi en hann heldur reykingum, áfengisdrykkju og öðrum ósömum að fólk. En nær hann

Gervigreind

Gervigreind eða A.I. Artificial Intelligence, er stórbrotin framtíðarmynd um David, 11 ára strák, sem dreymir um að verða eins og aðrir krakkar. David, rétt eins og spýtu-strákurinn Gosi, er ekki raunverulegur, heldur búinn til af hátækniyfyrirtæki í fremstu röð. Hann hefur samt tilfinningar og vill nú ganga skrefið til fulls og verða mennskur að öllu leyti. Myndin sem er frá árinu 2001, og er sýnd á Stöð 2 kl. 20:55 á laugardagskvöld var tilnefnd til Óskarsverðlauna fyrir tæknibrellur. Aðalhlutverk leikur Haley Joel Osment.



tangarhaldi á Pootie Tang? Aðalhlutverk: Lance Crouther, JB Smoove, Jennifer Coolidge, Robert Vaughn.
20.55 A.I. (Gervigreind) Stórbrotin framtíðarmynd um David, 11 ára strák, sem dreymir um að verða eins og aðrir krakkar. David, rétt eins og spýtu-strákurinn Gosi, er ekki raunverulegur heldur búinn til af hátækniyfirtæki í fremstu röð. Hann hefur samt tilfinningar og vill nú ganga skrefið til fulls og verða mennskur að öllu leyti. Aðalhlutverk: Haley Joel Osment, Jude Law, Frances O'Connor.

23.25 Stigmata. (Sár Krists) Faðir Kieran er rannsóknarmaður á vegum Vatíkansins og fær í hendurnar undarlegt mál ungar konu. Konan fær blæðandi sár sem líkjast sárum Krists á krossinum. Kiernan reður smám saman gátuna og kemst sér til mikillar skelfingar að því að konan færir það þar sem aldagömul trú kaboðsku kirkjunnar er dregin í efa. Hann er því milli steins og sleiggu: á hann að bjarga stúlkunni eða ljóstra upp leyndarmáli sem gæti gert út af við kirkjuna? Aðalhlutverk: Gabriel Byrne, Jonathan Pryce, Patricia Arquette.

01.05 The Godfather 2. (Guðfaðirinn 2) Sagan um Corleone-fjölskylduna heldur áfram í Guðföðurinn II. Sagan er tvískipt þar sem annars vegar er fylgst með Vito Corleone komast til valda á Sikiley og í New York og hins vegar með uppgangi sonar hans, Michael Corleones, á sjöttu áratugnum. Um er að ræða gróðarleg valdatæfi þar sem ekkert er gefið eftir til þess framfylgja vilja fjölskyldunnar. Aðalhlutverk: Al Pacino, Robert De Niro, Robert Duvall, Diane Keaton.

04.20 Tónlistarmyndbönd

Sunnudagur 13. apríl

08.00 Barnatími Stöðvar 2
12.00 Neighbours
13.50 60 mínútur
14.35 Normal, Ohio (12:12)
15.00 Passport To Paris
16.40 Naked Chef 2 (9:9)
17.10 Að hætta Sigga Hall (6:12)
17.40 Oprah Winfrey
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag, íþróttir, veður
19.30 Viltu vinna milljón?
20.20 Sjálfstætt fólk
20.55 Twenty Four (12:24) Jake og Kate leituðu Syed Ali í síðasta þætti, Mason og Tony komust að því að Marie skaut Reza sem flækti þau mál og Kim var í felum fyrir lögunni. Palmer lét handtaka Stanton og fékk pyntingarsérfræðing til að yfirhefja hann. Hvað gerist síðan í kvöld.
21.40 Boomtown (11:22)
22.25 60 mínútur
23.15 Band of Brothers (1:10) (Bræðrabönd) Myndaflokkur um sögu liðsmanna 506. herdeildar en þeir tilheyrðu sveit fallhlífarmannanna númer 101 í bandaríska hermum. Hér er dregin upp mjög tréiverð mynd af ógleymanlegum atburðum seinni heimsstyrjaldarinnar á vígvöllum Evrópu og hetjuddóm þessara hermanna. Framleiðendur eru Steven Spielberg og Tom Hanks.

00.25 American Idol (13:34). Hér spreya sjú ungir og upprennandi söngvarar sem allir eiga þann draum að slá í gegn. Hinna útvöldu bíður frægð, frami og spennandi útgáfusamningar. Í dómnefnd sitja Paula Abdul, Randy Jackson.

02.15 A Fish Called Wanda. (Fiskurinn Wanda) Klassísk, bresk gamanmynd. Hin kynþokkafulla bandaríska Wanda ásmat kærasta sínum, hinum upptökka Þjóðverja Otto, koma til Englands til að ræna gímsteinum á dirfskuflulan hátt. Bretamir Ken og George eru þeim innan handar en það er varla hægt að búast við að allt gangi samkvæmt áætlun þegar annar eins hópur er samankominn. Aðalhlutverk: Jamie Lee Curtis, John Cleese, Kevin Kline.

04.00 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 11. apríl

18.00 Sportið með Ólís
18.30 Football Week UK
19.00 Trans World Sport
20.00 US Masters 2003. Bein útsending frá öðrum keppnisdegi bandarísku meistarakeppninnar í golfi, US Masters, en leikið er á Augusta National vellinum í Georgíu.
22.30 Gillette-sportpakinn
23.00 4-4-2. Snorri Már og Þorsteinn J. fjalla um enska og spenska fótboltann.

SPORTIÐ Í BEINNI...



Sjónvarpið

Laugardagur 12. apríl kl. 13:25

Þýski boltinn: Leikur óákveðinn

Laugardagur 12. apríl kl. 15:50

Íslandsmót í handbolta kvenna - undanúrslit

Sunnudagur 13. apríl kl. 12:05

Þýski handboltinn: Leikur óákveðinn

Sunnudagur 13. apríl kl. 16:05

Íslandsmót í handbolta karla - 8 liða úrslit

Sýn

Miðvikudagur 9. apríl kl. 18:30

Meistaradeild Evrópu: Juventus - Barcelona

Miðvikudagur 9. apríl kl. 20:40

Meistaradeild Evrópu: Inter Milan - Valencia

Fimmtudagur 10. apríl kl. 21:00

US Masters 2003 í golfi: Bein útsending frá Augusta National

Föstudagur 11. apríl kl. 20:00

US Masters 2003 í golfi: Bein útsending frá Augusta National

Laugardagur 12. apríl kl. 11:15

Enski boltinn: Manchester United - Newcastle

Laugardagur 12. apríl kl. 19:30

US Masters 2003 í golfi: Bein útsending frá Augusta National

Laugardagur 12. apríl kl. 24:00

Hnefaleikar: Marco Antonio Barrera gegn Kevin Kelley

Sunnudagur 13. apríl kl. 12:15

Enska bikarkeppnin: Arsenal - Sheffield United

Sunnudagur 13. apríl kl. 15:20

Enska bikarkeppnin: Watford - Southampton

Stöð 2

Laugardagur 12. apríl kl. 13:45

Enski boltinn: Chelsea - Bolton Wanderers



Hreyfing á hlutabréfum í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf. í Hnífsdal

Heimamenn kaupa hlut í félaginu fyrir 620 milljónir króna

Fjárfestingarfélagið Afl seldi í síðustu viku hlutabréf í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf. í Ísafjarðarbæ að nafnvirði 90 milljónir króna og fékk fyrir þau hátt í 620 milljónir. Kaupendur voru Katlar og Hraðfrystihúsið-Gunnvör. Katlar keyptu bréf að nafnvirði 37,5 milljónir og Hraðfrystihúsið-

Gunnvör að nafnvirði 52,5 milljónir. Eftir þessi viðskipti á Afl liðlega 35 milljónir króna að nafnvirði í HG en stjórnarformaður Afls er Þorsteinn Vilhelmsson, sem jafnframt er stjórnarformaður í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru.

Köttlum tengjast þeir Einar Valur Kristjánsson, fram-

kvæmdastjóri Hraðfrystihússins-Gunnvarar, Kristján G. Jóhannsson, varaformaður fyrir-tækisins, og Kristján G. Jóakimsson, framleiðslu- og markaðsstjóri. Einar Valur Kristjánsson telur þetta vera góðan fjárfestingarkost. Hann sagði ólíklegt að boðað yrði til hluthafafundar vegna þess-

ara breytinga á eignaraðild í Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru hf. sem sýndi ágæta afkomu á síðasta ári.

Einnig seldi Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. svo til allt sitt hlutafé í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH) en hlutur félagsins nam rúmum 5%. Grandi hf. hefur selt allt hluta-

fé sitt í SH en félagið átti tæplega 10% hlut. Nafnverð var rúmlega 148 millj. kr. og var hlutaféð selt á genginu 5,35. Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf. seldi hlutafé í SH að nafnverði 76 milljónir króna á sama gengi. Þorsteinn Vilhelmsson er stjórnarmaður í öllum félögum þremur.

Stuttar af bb.is



Semja um fjárvörslu

Hreppsnefnd Súðavíkur-hrepps hefur samþykkt að taka tilboði Íslenskra verðbréfa hf. á Ísafirði um stýringu og umsýslu á hluta af lausu fé sveitarsjóðs. Torfi Jóhannsson, forstöðumaður Íslenskra verðbréfa hf. á Ísafirði, segir samninginn ánægjufni og viðurkenningu á starfi fyrir-tækisins á svæðinu. „Þegar verið er að bjóða fjárvörsluverk af þessu tagi, þá er erfitt að lofa að ná hærri ávöxtun en samkeppnisaðilarnir, en það er hægt að leggja skynsamlega fjárfestingarstefnu til grundvallar. Að auki erum við hérna á Ísafirði vel samkeppnisfær í umsýslukostnaði við aðra aðila“, sagði Torfi.

Dæmdur fyrir líkamsárás

Tvítugur maður var í Héraðsdómi Vestfjarða í síðustu viku dæmdur í 45 daga fangelsi, skil-orðsbundið í tvö ár, og til greiðslu 250 þúsund króna skaðabóta til fórnarlamb vegna líkamsárásar. Einnig var hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns að fjárhæð 100 þúsund krónur. Atburðurinn varð að nótta til sumarið 2001 fyrir utan skemmtistaðina Krúsinu og Sjallann á Ísafirði. Maðurinn sem var átján ára þegar verknaðurinn var framinn var sakfelldur fyrir að hafa slegið mann á svipuðum aldri hnefahögg með krepptum hnefa í andlitið þannig að af hlutust kjálkabrot hægra megin á efri og neðri kjálka.

Vestfjarðagöng

Vítaverður hraðakstur

Þrír ungir ökumenn voru teknir fyrir vítaverðan hraðakstur í Vestfjarðagöngum í síðustu viku. Á þriðjudagskvöld mældist ökumaður fæddur árið 1985 og með bráðabirgðaskírteini á 126 kílómetra hraða í Breiðadalsleggunum en sá hluti ganganna er einbreiður. Leyfilegur hámarkshraði í göngunum er 60 km og var pilturinn því á meira en tvöföldum hámarkshraða.

Viðurlög eru tveggja mánaða ökuleyfisvæðing og 60 þúsund króna sekt. Auk þess má pilturinn bíða tvö ár til viðbótar eftir því að fá fullnaðarskírteini eftir að hann fær bráðabirgðaskírteini á ný, samkvæmt lagaákvæðum.

Tveir sautján ára ökumenn með bílpróf frá því í desember mældust á rúmlega 120 kílómetra hraða í Vestfjarðagöngum kvöldið eftir. Lögreglumenn sem voru að koma frá Flateyri sáu bílana koma á móti sér og öku þeir mjög þétt saman á þessum hraða. Þeir mega búast við svipuðum viðurlögum og sá sem tekinn var kvöldið áður. Tveir aðrir ökumenn voru teknir fyrir of hraðan akstur í göngunum sama dag.



Sumarbústaður í Tungudal skemmdist töluvert í eldsvoða á fimmtudagskvöld í síðustu viku.

Nýlegur sumarbústaður í Tungudal skemmdist í eldsvoða

Kviknaði í út frá kamínu

Talsvert tjón varð í eldsvoða í sumarbústað í Tunguskógi í Tungudal við Ísafjörð á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Slökkvilið Ísafjarðarbæjar var kallað út laust fyrir kl. 19 og tók skamma stund að slökkva eldinn. Unnið er að vegaframkvæmdum á leiðinni inn í Tunguskóg og var vegurinn lokaður en vegagerðarmenn brugðust skjótt við og ruddu leið fyrir slökkviliðið þegar útkallið kom þannig að engar tafir urðu af þessum sökum.

Enginn var í bústaðnum en fólk var nýfarið úr honum. Ljóst virtist að kviknaði hefði í út frá kamínu. Allmiklar brunaskemmdir urðu inni í bústaðnum auk skemmda af hita og reyk. Meðan unnið var að slökkvistarfi sprakk sjónvarpstæki í bústaðnum án þess þó að menn yrðu fyrir meiðslum.

Bústaðurinn er vandað hjálkahús á steiptum grunni og með kjallara og rishæð. Hann var byggður í stað annars bústaðar sem eyðilagðist í



snjóflóðinu sem fór yfir sumarbústaðnum í Tungudal árið 1995. Ljóst er að rífa þarf

verulega mikið innan úr húsinu til að gera það upp eftir eldsvoðann.

Taktu þátt í SMS Leik bb.is

Yfir 300 vinningar!